

Jakob Orri Jónsson og Steinunn Kristjánsdóttir

Grafið í rústir Þingeyraklausturs

Áfangaskýrsla 2024



Reykjavík 2025

Þakkir:

Valgerði Valsdóttur og fjölskyldu er þakkað fyrir að leyfa uppgröft á jörð sinni en líka fyrir einstaka gestrisni og velvild. Stefáni Pálssyni gröfumanni frá Blönduósi er þakkað fyrir vandaða vinnu.

Uppgröfturinn fór fram fyrir fjárframlög úr Rannsóknasjóði Íslands, öndvegisstyrkur nr. 228576-051, og RÍM (sjóðnum Ritmenning íslenskra miðalda).

© Reykjavík: höfundar, 2025

Forsíðumynd: Pax spjald (2024-36-817) sem sýnir Maríu mey, með staf í hægri hendi og Jesúbarnið í hinni vinstri. Jesúbarnið heldur á hnetti.

Efnisyfirlit

1. Forsaga rannsókna	0
1.1. Ágrip af sögu Þingeyraklausturs	0
1.2. Fyrri rannsóknir	2
2. Stjórnsýsla og fjármögnun	4
3. Almennar upplýsingar og aðferðir á vettvangi	4
4. Stærð og umfang uppgrftar	5
4.1. Svæði E	6
4.2. Svæði F	11
5. Lýsing mannvirkja	13
5.1. Gröf 21	13
5.2. Gröf 22	14
5.3. Gröf 23	14
5.4. Gröf 24	15
5.5. Gröf 25	15
5.6. Gröf 26	16
5.7. Gröf 27	16
5.8. Gröf 28	16
5.9. Gröf 29	17
5.10. Gröf 30	17
5.11. Grafir á svæði E	18
5.12. Bygging frá 17. / 18. öld	18
5.13. Klausturkirkja	19
5.14. Mannvirki 1	20
5.15. Kolahola [36003]	24
5.16. Kolahola [36044]	24
5.17. Torfhleðsla [28832] og dren	24
5.18. Veggur kirkjugarðs	25
5.19. Torfveggur [34658] og [35563]	26
6. Fundir	26
6.1. Bein	27
6.2. Gler	28
6.3. Gull	28
6.4. Keramik	29
6.5. Leður	30
6.6. Málmar	30
6.7. Plast	31
6.8. Raf	31
6.9. Skel	31
6.10. Steinar	32
6.11. Textill	32
6.12. Viður	32
7. Landslag, gróður og jarðgrunnur	32
8. Miðlun	33
9. Túlkun og framhald rannsókna	33
Heimildaskrá	35
Jarðlagaskrá	37
Jarðlög á svæði E	37
Jarðlög á svæði F	46
Fundaskrá	51
Flæðirit – Harris Matrices	95
Viðauki 1	97
Viðauki 2	99
Viðauki 3	103
Viðauki 4	114

Myndaskrá

Mynd 1. Þingeyrarkirkja, byggð 1877. Horft til norðvesturs.....	1
Mynd 2. Yfirlitsmynd yfir uppgriftarsvæðin í lok uppgriftartímabilsins 2024.	3
Mynd 3. Yfirlitsmynd af svæði E í lok uppgriftar 2024, tekin með flygildi.	6
Mynd 4. Teikning af svæði E í lok uppgriftar 2024.....	7
Mynd 5. Fyrir miðri mynd er hvít gjóska ofan á dökku torfhruni [37760], vinstramegin á myndinni. Hægramegin á myndinni má sjá torflag [37621].....	9
Mynd 6. Svæði F við lok uppgriftar 2024, tekin með flygildi.	11
Mynd 7. Teikning af svæði F við lok uppgriftar 2024.	12
Mynd 8. Teikning af líkamsleifum í gröf 21. Teiknari: Daniel Freyr Ívarsson.	13
Mynd 9. Teikning af líkamsleifum í gröf 22. Teiknari: Daniel Freyr Ívarsson.	14
Mynd 10. Teikning af líkamsleifum í gröf 23. Teiknari: Daniel Freyr Ívarsson.	14
Mynd 11. Teikning af líkamsleifum í gröf 24. Teiknari: Daniel Freyr Ívarsson.	15
Mynd 12. Teikning af líkamsleifum í gröf 25. Teiknari: Daniel Freyr Ívarsson.	15
Mynd 13. Teikning af líkamsleifum í gröf 26. Teiknari: Daniel Freyr Ívarsson.	16
Mynd 14. Teikning af líkamsleifum í gröf 27. Teiknari: Daniel Freyr Ívarsson.	16
Mynd 15. Teikning af líkamsleifum í gröf 28. Teiknari: Daniel Freyr Ívarsson.	17
Mynd 16. Teikning af líkamsleifum í gröf 29. Teiknari: Daniel Freyr Ívarsson.	17
Mynd 17. Teikning af líkamsleifum í gröf 30. Teiknari: Daniel Freyr Ívarsson.	18
Mynd 18. Leifar byggingar frá 17. / 18. öld. Neðst til vinstri á myndinni má sjá línu steina sem fylgdi malarlínunni að steinhlöðnum vegg.....	18
Mynd 19. Teikning af byggingu frá 17./18. öld. Athugið að steinarnir fylgja einnig vegglinu klausturkirkjunnar nokkurnvegin (sjá hér neðan).	19
Mynd 20. Torfveggur [34532].	20
Mynd 21. Yfirlitsmynd yfir svæði E þar sem dökkir veggir mannvirkis 1 eru sjáanlegir umlykja niðurgroft fyrir miðju svæðinu.	21
Mynd 22. Leifar þröskuldar og dyrakarms. Sjá má viðarleifar sem mynda þröskuld fyrir miðri mynd og aðrar sem mynda hluta dyrakarmsins hægra megin við þröskuldinn. Holur í skugga eru litlar stoðarholur.	22
Mynd 23. Delaney Lynn Dammeyer að grafa fram pinnaholur í mannvirki 1. Grillpinnum hefur verið stungið í pinnaholurnar til að merkja þær.....	22
Mynd 24. Teikning af mannvirki 1.....	23
Mynd 25. Kolahola [36003].	24
Mynd 26. Kolahola [36044].	24
Mynd 27. Nærmynd af þverskurði torfhleðslu [28832] þar sem sjá má klömbru.....	24
Mynd 28. Veggur kirkjugarðs. Sá hluti hans sem er vinstramegin á myndinni og aðeins lægri en aðrir hlutar hans eru viðbætur, enn að hluta huldar torfhruni þegar myndin var tekin.	25
Mynd 29. Torfveggur [34658] fyrir miðri mynd. Efst á myndinni má sjá í torfvegg [35563].	26
Mynd 30. Skífurit yfir fundi sumarið 2024. Fjöldi fundarnúmera eftir efni.	26
Mynd 31. Kambur (2024-36-951) þegar hann fannst. Múrskeið sem skali.	27
Mynd 32. Brot úr Römer glasi (2024-36-1188).....	28
Mynd 33. Gullþráður (2024-36-818).....	28
Mynd 34. Kljásteyinn (2024-36-844).....	29
Mynd 35. Leðurbútur (2024-36-950).....	30
Mynd 36. Spjald fyrir spjaldvefnað (2024-36-39).....	30
Mynd 37. Klæðismerki (2024-36-51 og -137).....	31
Mynd 38. Rafperla (2024-36-92).....	31
Mynd 39. Steinflaga (2024-36-937).....	32
Mynd 40. Textill úr gröf 22 (2024-36-949).....	32

Grunnupplýsingar:

Rannsóknarnúmer

201502-0039

Þjóðminjasafnsnúmer

2024-36

Nr. fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun

Þingeyrar 144733 169-4. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga (2006). Fornleifaskrá Þingeyra. Rannsóknarskýrslur 2006/50. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Stutt lýsing rannsóknar

Rannsókn á rústum Þingeyraklausturs í tengslum við verkefnið *Samspil manns og náttúru*

Tegund rannsóknar

Vísindarannsókn

Staðsetning

Þingeyrar, Húnaþingi, Norðurlandi

GPS hnit

SV: 562370.621, 435204.572

NV: 562381.742, 435208.812

SA: 562367.163, 435213.853

NA: 562378.422, 435218.076

Rannsóknartími

15. júlí til 30. ágúst 2024

Leyfishafi

Prófessor Steinunn Kristjánsdóttir

Fjöldi starfsmanna

Tólf starfsmenn: tíu fornleifafræðingar og þrír nemar



Útdráttur

Sumarið 2024 var uppgrefti á Þingeyrum haldið áfram þar sem frá var horfið árið á undan, en aðeins var grafið á svæðum E og F þetta árið. Svæði E var stækkað í upphafi uppgraftartímabilsins með það fyrir augum að elta torfhleðslu sem kom fram 2023. Reyndist það ekki mögulegt en þess í stað komu í ljós nokkur torfveggjarbrot, ungar grafir, og leifar eldri torfveggjar sem hefur verið reistur fyrir 1104. Innan þessa veggja komu í ljós leifar þröskuldar og dyrakarms auk gólflags sem lá upp að og í gegnum þessar dyr. Á svæði F var komið niður á torfveggjarbrot sem er að öllum líkindum úr klausturkirkjunni en upp við þetta veggjarbrot voru grafnar upp einar tíu grafir þetta árið. Allar þessar grafir eru tímasettar til klausturtíma.

Abstract

The summer of 2024 excavations were continued from where they had ended the previous excavation season but this year excavations took place in areas E and F only. Area E was expanded at the beginning of the excavation season with the aim of uncovering more of the turf wall that was uncovered in 2023. Unfortunately, no further remains of the wall were uncovered but instead fragments of other turf walls and younger graves were uncovered, along with the remains of an older turf wall which was probably erected around or before 1104. Inside these walls the remains of a threshold was uncovered along with a floor layer up to and past the threshold. In area F a turf wall was uncovered that is interpreted to be a fragment of the monastery church and up against this wall a total of ten graves were excavated this year. All ten graves are dated to period of the monastery.

1. Forsaga rannsóknar

Sumarið 2024 var sjötta sumarið sem grafið var á Þingeyrum í Húnaþingi, en líkt og seinustu þrjú ár var uppgröfturinn hluti af stærra verkefni sem snýr að rannsókn á ritmenningu í Þingeyraklaustri. Nýtur það fjárframlags úr RÍM, sjóði sem stofnaður var til þess að rannsaka ritmenningu í landinu. Stjórnendur þess verkefnis eru Steinunn Kristjánsdóttir og Gottskálk Jensson. Þetta sumarið var þriðja og seinasta sumarið sem uppgröfturinn er einnig hluti af verkefninu *Samspil manns og náttúru* sem styrkt er af Rannsóknasjóði. Stjórnendur þess eru Steinunn Kristjánsdóttir og James G. Clark. Markmið verkefnisins er að breikka þá þekkingu sem er þegar til staðar um klausturlifnað og handritagerð á Þingeyrum, með sérstakri áherslu á vistfræði staðarins.

1.1. Ágrip af sögu Þingeyraklausturs

Ítarlega hefur verið farið yfir sögu Þingeyra og Þingeyraklausturs í fyrri skýrslum (sjá Steinunn Kristjánsdóttir, 2018; Sigrún Hannesdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir, 2020; Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022). Verður hér því stiklað á stóru. Í skýrslunni frá 2020 er farið yfir byggingarsögu klaustursins (Sigrún Hannesdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir, 2020) og í skýrslunni fyrir uppgráftartímabilið 2021 er farið yfir byggingarsögu Þingeyra eftir að klaustrið var lagt af (Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022, sjá einnig Gottskálk Jensson, 2022). Vísað er til þessara skýrslna til frekari upplýsinga um staðinn.

Ekki er að fullu ljóst hvenær Þingeyraklaustur var stofnað en talið er að kirkja hafi verið reist á Þingeyrum árið 1112 með það að markmiði að þar væri síðar stofnað klaustur. Fyrsti ábótinn tók hins vegar ekki til starfa fyrr en 1133 (Gunnar Karlsson, 2008, bls. 159–167). Ekki er víst hvort kirkjan frá 1112 hafi þjónað klaustrinu eða hvort önnur kirkja hafi verið reist síðar sérstaklega fyrir það. Forkannanir benda hins vegar til þess að jarðsett hafi verið að kristnum sið frá því um aldamótin 1000 í túninu norðan og austan við núverandi bæjarstæði á Þingeyrum en í könnunarskurði þar fundust árið 2017 bein úr yfir 20 einstaklingum frá þeim tíma. Aftur á móti hafa rústir svo gamallar kirkju ekki enn fundist á Þingeyrum. Jarðsett var síðan í kirkjugarðinum allt fram á 20. öld en ný kirkja á nýju kirkjustæði var reist á Þingeyrum seint á 19. öld (mynd 1) (Hermann Jakob Hjartarson, Steinunn Kristjánsdóttir og Joe W. Walser, 2017; Sigrún Hannesdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir, 2020; Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022). Fjallað hefur verið um þær rituðu heimildir sem til eru um útlit og



Mynd 1. Þingeyrakirkja, byggð 1877. Horft til norðvesturs.

gerð bygginga Þingeyraklausturs í áfangaskýrslu 2021 og í viðauka hennar birt úttekt á staðnum frá 1684, sem einnig hefur verið gefin út í grein eftir Gottskálk Jensson (2023, bls. 5–10; Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022).

Vitað er að Þingeyraklaustur stóð fyrir umsvifamikilli handritagerð og hafa um tuttugu handrit sem rituð voru þar varðveist (Gottskálk Jensson, 2021). Þingeyraklaustur var að lokum lagt af í kjölfar siðaskiptanna árið 1551 og varð það, auk alls jarðagóss þess, þá að eign konungs. Tók þá við tími klausturhaldara sem unnu sem umboðsmenn konungs og sáu um klausturjarðirnar (Jakob Orri Jónsson, 2023). Margir klausturhaldaranna bjuggu í þeim húsum sem þegar stóðu á klausturstöðunum en alls ekki allir (Steinunn Kristjánsdóttir, 2017, bls. 36–37; Steinunn Kristjánsdóttir, 2022, bls. 92–94).

Fyrsti klausturhaldari Þingeyraklaustursumboðs, Sveinn Finnbogason, var skipaður 13. mars 1545, þrátt fyrir að til endanlegrar lokunar klaustursins hafi ekki komið fyrr en sex árum seinna (DI XI, bls. 378). Ekki er vitað til þess að hann hafi nokkurn tíma tekið til starfa, enda þótt skipunarbréfið sé til. Frá lokun klaustursins laut það stjórn átján klausturhaldara til ársins 1811 og fór Björn Olsen síðastur þeirra með Þingeyraklaustursumboð. Fóru Þingeyrar síðan í

einkaeigu þegar hann keypti jörðina þetta ár en fram að því voru Þingeyrar og meðfylgjandi klausturjarðir í eigu konungs (Jakob Orri Jónsson, 2023). Björn lét gera upp mikið af húsakosti Þingeyra, líkt og raunar aðrir klausturhaldarar á undan honum. Kirkja Lárusar Gottrups, klausturhaldara, frá um 1700 var meðal annars rifin árið 1817 og í staðinn byggð torfkirkja (Steinunn Kristjánsdóttir, 2017, bls. 102).

Það var árið 1877 sem ný steinkirkja var vígð að Þingeyrum (mynd 1). Það var alþingismaðurinn Ásgeir Einarsson sem lét reisa hana en hann flutti til Þingeyra 1861. Fyrst var jarðsett við þessa nýju kirkju árið 1914 (Guðrún Harðardóttir, Guðrún Jónsdóttir, Þór Magnússon og Gunnar Bollason, 2006, bls. 270). Á túnakorti frá 1919 má sjá þessa steinkirkju með nýja kirkjugarðinum, sem og gamla kirkjugarðinn við bæjarhúsin (sjá Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022, bls. 6). Árið 1915 keyptu hjónin Jón Sigurður Pálmason og Hulda Á. Stefánsdóttir Þingeyra-jörðina en Hulda flutti þangað 1923. Hún segir í æviminningum sínum frá því þegar gamli kirkjugarðurinn var sléttaður og gerður að túni stuttu eftir að hún flutti á staðinn (Hulda Á. Stefánsdóttir, 1987, bls. 62–66). Árið 1924 stóð enn hluti þeirra bæjarhúsa sem Björn Olsen hafði reist en það ár brunnu þau. Sluppu aðeins geymsluhús og hjallur við eldinn. Þessi hús standa enn en þau eru núna hluti af gamla bænum á Þingeyrum (Hulda Á. Stefánsdóttir, 1987, bls. 62–66; Guðrún Harðardóttir o.fl., 2006, bls. 268–269).

1.2. Fyrri rannsóknir

Fyrstu fornleifarannsóknir í landi Þingeyra voru fornleifaskráningar Brynjúlfs Jónssonar frá 1894 og 1905 (Brynjúlfur Jónsson, 1895; 1907). Eftir skráningar hans leið öld þar til að næstu rannsóknir hófust 2006, þegar fornleifaskráning fór aftur fram þar en hún var framkvæmd af starfsfólki fornleifadeildar Bygðasafns Skagfirðinga (Bryndís Zoëga, Guðmundur St Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, 2006). Næstir til að vinna við rannsóknir á staðnum voru fornleifafræðingar við Fornleifastofnun Íslands og Háskólann í Vín. Framkvæmdi hópurinn viðnámsmælingar að Þingeyrum árið 2012 í tengslum við hugsanlegt þinghald á staðnum (Coolen og Mehler, 2015). Árið 2014 hófust svo rannsóknir á rústum klaustursins á Þingeyrum. Fór vinnan fram í tengslum við verkefnið *Kortlagning klaustra á Íslandi* og byggði einkum á jarðsjármælingum og öðrum fjarkönnunum (Margrét Valmundsdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir, 2014; Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir, 2014). Árið 2015 voru síðan fyrstu könnunarskurðirnir teknir til að leita rústa klaustursins og var leitinni haldið áfram með könnunarskurðum árin 2016 og 2017 (Steinunn



Mynd 2. Yfirlitsmynd yfir uppgriftarsvæðin í lok uppgriftartímabilsins 2024.

Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir, 2015; 2016; Hermann Jakob Hjartarson, Steinunn Kristjánsdóttir og Joe W. Walser, 2017). Uppgröftur hófst svo árið 2018 með opnun tveggja aðliggjandi svæða sem gefin voru bókstafirnir A og B en þau voru seinna sameinuð sem svæði C (Steinunn Kristjánsdóttir, 2018). Árið eftir var ekki grafið en frekari jarðsjármælingar gerðar (Ómar Valur Jónasson, 2019). Árin 2020 og 2021 var uppgrefti síðan haldið áfram. Lokið var við uppgroft á svæði C árið 2021 en tvö ný svæði sem hlutu bókstafina D og E opnuð. Ekkert var grafið á svæði D það ár en nýir könnunarskurðir teknir og ný svæði jarðsjármæld (Sigrún Hannesdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir, 2020; Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022).

Á svæði C fundust 14 grafir sem sumar reyndust vera frá 20. öld. Ein af þeim var tímasett til klausturtíma með kolefnisaldursgreiningum. Það var þá sem grafir tveggja klausturhaldara fundust. Það voru grafir þeirra Odds Stefánssonar, sem var klausturhaldari 1783 til 1803 en lést hann 1804, og Jóns Þorleifssonar, sem var klausturhaldari frá 1678 fram á dánardag árið 1683. Auk grafanna var grafin fram torfhleðsla á svæði C sem talin er vera hluti af syðri langvegg klausturkirkjunnar (Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022, bls. 13–16).

Við hreinsun á svæði D komu í ljós þó nokkur mannabein í röskuðum lögum. Svæðið var þá mælt með radarjarðsjá sem sýndi merki um að margar grafir væri þar að finna. Vegna þessa var uppgrefti þar hætt en svæði E opnað á stað þar sem könnunarskurðir frá 2017 höfðu gefið til kynna að þar gæti hafa verið eldhús eða eldunaraðstaða. Svæði E er staðsett rétt vestan við 19. aldar kirkjugarðsvegginn en vestasta horn hans nær þó inn á uppgraftarsvæðið. Sumarið 2021 var komið niður á hann, niðurgröft fyrir rafmagnslínu frá því um aldamótin 1900 og öskuhauga frá 19. eða 20. öld (Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022).

Uppgraftartímabilið 2022 var svæði D opnað á ný og var þar komið niður á leifar 19. aldar byggingar og var ein gröf grafinn upp (Jakob Orri Jónsson, Svavar Níelsson og Steinunn Kristjánsdóttir, 2023, bls. 18–20). Reyndist það vera gröf klausturhaldarans Bjarna Halldórssonar (f. 1701 – d. 1773) en á kistu hans voru tveir koparskildir með grafskrift sem gerðu fræðimönnum kleyft að bera kennsl á hann (Gottksálk Jensson, 2024). Á svæði E var haldið áfram að grafa í gegnum öskuhauginn og undan honum komu í ljós móðuskulög sem reyndust hylja og liggja upp að tofhleðslu sem kom í ljós á seinustu dögum uppgrafter (Jakob Orri Jónsson o.fl., 2023). Þessi torfhleðsla var grafinn fram hið næsta sumar, 2023, og kom þá í ljós dren sem lá í gegnum op í hleðslunni. Þessi hleðsla hefur verið túlkuð sem svo að hún tilheyri klausturtíma, mögulega garðlag um klaustrið. Að auki var nýtt svæði, svæði F, opnað milli svæða D og E. Þar var grafinn ein gröf og komið niður á leifar sem líklega tilheyra einnig 19. aldar byggingunni. Á svæði D var hafist handa við að grafa burt haft milli svæða D og C þar sem frekari leifar 19. aldar byggarinnar sem áður hafa fundist á báðum svæðum komu fram (Jakob Orri Jónsson og Steinunn Kristjánsdóttir, 2024).

2. Stjórnsýsla og fjármögnun

Uppgröfturinn er sem fyrr segir liður í verkefninu *Samspil manns og náttúru* sem er fjármagnað með öndvegissstyrk frá Rannsóknasjóði Rannís ásamt styrk frá sjóðnum *Ritmenning íslenskra miðalda* (RÍM). Tilskilin leyfi frá landeigendum og Minjastofnun Íslands fengust fyrir rannsókninni.

3. Almennar upplýsingar og aðferðir á vettvangi

Uppgröftur á rústum Þingeyraklausturs árið 2024 fór fram dagana 15. júlí – 30. ágúst. Stjórnandi rannsóknar er sem fyrr getur prófessor Steinunn Kristjánsdóttir (SK) en uppgrafterstjóri var Dr. Jakob Orri Jónsson (JOJ). Aðrir starfsmenn voru Dr. Scott John Riddell

(SJR), Dr. Helene Benkert (HB), fornleifafræðingarnir Delaney Lynn Dammeyer (DLD), Daníel Freyr Ívarsson (DFÍ), Steinunn Edda Einarsdóttir (SEE), Erla Sóley Skúladóttir (ESS), Lovísa Agnes Jónsdóttir (LAJ) og Nicole Marie Abreu (NMA), meistaranemarnir Joshua William Needham (JN), Ian Matthew King (IMK) og grunnnámsneminn Heiðar Berg Hjartarson (HBH). Jakob Orri hafði umsjón með úrvinnslu gagna úr uppgreftinum, sá um greiningu gripa og mynda- og kortavinnslu, Helene sá um greiningu á dýrabeinum og Scott sá um greiningu jarðvegssýna. Steinunn Edda og Lára Janusdóttir sáu um frágang gripa og ljósmyndun þeirra og Steinunn Edda sá um skráningu í Sarp. Daníel Freyr teiknaði upp allar beinagrindur. Sýni voru greind til kolefnisaldurs hjá Beta Analytic Inc. og Joe W. Walser III sá um greiningu mannabeina.

Vélgrafa var nýtt við stækkun svæða E og F en öll önnur vinna fór fram með handverkfærum. Einingaaðferð (e. single context recording) var beitt við uppgröft og skráningu mannvistarlag. Einingaaðferðin felur í sér að hvert mannvistarlag er hugsað sem minjar um einstakan atburð. Hvert lag, jafnt náttúruleg jarðlög sem mannvistarlög, er skráð sem eining og henni lýst, hún er ljósmynduð og mæld með alstöð. Alstöð var notuð til að gefa hverri einingu númer sem er einstakt innan rannsóknarsvæðisins og einkennt er með hornklofum þegar vísað er til þeirra (t.d. [27211]). Samhliða skráningu eininga er þeim raðað í flæðirit (Harris Matrix) sem heldur utan um afstæða aldursröð og samhengi eininga innan rannsóknarsvæðisins. Ljósmyndun eininga fór fram með stafrænni myndavél og var þrífótur nýttur þar sem það var mögulegt. Einnig voru teknar yfirlitsmyndir með flygildi. Jafnframt var staðsetning gripa mæld upp með alstöðinni. Í lok hvers dags var mælingum svo hlaðið upp í stafræna gagnagrunninn Intrasis. Eins voru bein valin til kolefnisaldursgreininga.

4. Stærð og umfang uppgrafter

Sumarið 2024 var haldið áfram þar sem frá var horfið fyrra sumar. Svæði E var stækkað í upphafi uppgraftartímabilsins og lögð áhersla á uppgröft á stækkuðu svæði. Á svæði F var framhaldið þar sem hætt var 2023 með því að grafa í gegnum torfblönduð lög sem enn lágu yfir öllu. Ekkert var unnið á svæði D þetta árið og var því lokað eftir enda uppgraftartímabilsins.

4.1. Svæði E

Í byrjun sumars var svæði E stækkað um tvo metra til austurs og sex metra til norðurs með það fyrir augum að hægt væri að fylgja torfhleðslu [28832] sem grafin var fram sumarið 2023. Var svæði E því 16 x 12 metrar að stærð í lok sumars. Reyndist ekki hægt að elta hleðsluna en þess í stað komu í ljós þó nokkur önnur mannvirki, bæði byggingar sem og grafir sem teknar hafa verið í gegnum þær. Bæði vegna stærðar svæðisins og þeirra minja sem þar komu fram þetta sumarið var uppgröfturinn fremur flókinn. Segja má að svæðið skiptist í tvennt, það sem er norðan og vestan við tvo veggi [28832] og [31980] og það sem er sunnan og austan þeirra. Var annar þessara



Mynd 3. Yfirlitsmynd af svæði E í lok uppgrافتar 2024, tekin með flygildi.

veggja [28832] þekktur frá fyrri sumrum en hinn [31980] kom í ljós þetta sumarið. Norðan og vestan við þessa veggi voru takmarkaðar minjar að finna, aðallega öskulög, en sunnan og austan þeirra var nokkuð um minjar, veggi og eitt gólfslag (sjá nánar um þessar minjar í kafla 5. *Lýsing mannvirkja*).

Meðfram austursniði svæðisins komu í ljós sjö grafir [32545, 33603, 34349, 33603, 33623, 36262, 36280, 38103] (sjá kafla 5.11. *Grafir á svæði E*) sem allar liggja það hátt að líklegt er að þær tilheyri yngsta tímabili greftrunar á svæðinu á 19. öld eða fyrsta fjórðung þeirrar 20. Engin þessara grafa var grafin upp en allar þeirra, fyrir utan eina [34349], liggja aðeins að hluta innan svæðis E.

Þegar komið var í gegnum yfirborðslög á framlengingu svæðisins kom strax í ljós raflagnaskurður sem áður hafði sést og skorið í gegnum bæði svæði E og F. Á norður hluta framlengingarinnar komu í ljós tvö steinkolaöskulag, eitt minna [31610] og eitt sem



Mynd 4. Teikning af svæði E í lok uppgrftar 2024.

raflagnaskurðurinn hefur skorið í tvennt [31918] og [31943]. Þessi lög eru greinilega frá 19. öld eða snemma á 20. öld, byggt bæði á því að þau eru samansett af ösku steinkola en ekki viðarkola eða mó og þeim gripum sem fundust í lögunum (sjá kafla 6. *Fundir*). Tæpur helmingur allra gripa sem fundust þetta sumarið komu úr þessum kolalögum.

Þegar búið var að grafa upp kolaöskulögin kom í ljós fokmoldarlag [33173] sem lá yfir stærstum hluta norðurhluta framlengingarinnar. Undan því var komið niður á lag blöndu

fokmoldar og torfs [33686] og [33707] sem raflagnaskurðurinn hefur skorið í tvennt og steinahrúgu [34206]. Þetta lag hefur líklega orðið til þegar túnið var sléttað, ásamt steinahrúgu [34206] sem var við brún blandaða lagsins. Ekki var að sjá byggingarlag á þessum steinum, né að þeir hafi verið unnir, en hvergi annarsstaðar er að finna slíkt samansafn steina á svæði E. Einnig undir fokmoldarlaginu [33173] var lag móöskublandins torfs [33143] sem lá eins og rétt framlenging á lögum [29864] og [30382] en lá ofar og hafði aðra samsetningu. Er því talið að lagið sé fremur hluti hruns ofan í sama rými en að um sama lag sé að ræða, sérstaklega þar sem að það lá ofan á torfhrunslagi [33579] sem huldi stóran hluta framlengingarinnar. Í því var linsa viðarkola á svipuðum stað og hola [36044] fyllt viðarkolum kom seinna í ljós. Tengslin þar á milli eru óljós en annars var ekki að finna viðarkol á svæðinu, utan tveggja hola sem báðar voru fylltar með viðarkolum (sjá hér að neðan). Undir blandaða laginu [33686] og [33707], var lag fokmoldar [34279] og [34510] sem einnig hafði verið skorið af raflagnaskurðinum og bendir til tímabils þar sem svæðið hefur verið alveg eða að mestu yfirgefið.

Undan torfhrunslaginu [33579] komu í ljós fjögur lög. Voru það torfveggur [34658], móöskublandað torflag [34504], torfhrunslag [36976] og móöskulag [34313] en steinahrúgan [34206] lá einnig ofan á móöskulaginu. Torfveggurinn [34658] var aðeins að hluta innan uppgriftarsvæðisins og skorinn af gröf [33603] svo erfitt var að sjá tengsl torfveggisins við aðra vegg sem fundust þetta sumarið (sjá kafla 5.18. *Torfveggur [34658] og [35563]*). Torfhrunslagið [36976] var skorið af gröf [33623] og var einnig skráð sem torfhrunslag [36996]. Móöskublandaða torflagið [34504] lá ofan á litlu torflagi [34602] sem var á svipuðum stað og annað móöskublandað torflag [33413]. Lá það ofan á fokmoldarlagi [34806] en ofan á því lá einnig móöskulagið [34313].

Fokmoldarlagið [34806] huldi holu [36044] sem fyllt var með lagi viðarkola [36092] og blöndu torfs og fokmoldar [36070]. Þessi hola hafði verið grafin í torfvegg [31980] (sjá kafla 5.16. *Kolahola [36044]*). Fokmoldarlagið [34806], ásamt fokmoldarlagi [34510], huldi móöskulag [34947] sem lá yfir stærstum hluta framlengingarinnar og var það sama og móöskulag [26852] frá 2023. Undan fokmoldarlagi [34279], vestan við raflagnaskurðinn kom í ljós lítið lag torfhruns [34337] sem móöskulagið [34947] lá upp að. Undir þessum lögum var lítið torfveggjarbrot [35844]. Ekki er ljóst hvaða vegg þetta veggjarbrot tilheyrði en gæti það hafa verið torfhrun, ellegar allt sem eftir var af torfhleðslu [28832] eftir að þessi hluti svæðisins var sléttaður. Ekki er heldur hægt að taka fyrir að þetta svokallaða veggjarbrot sé í raun lítil hleðsla sem hafi átt að loka holu [36003] sem kom í ljós svo að segja beint undir veggjarbrotinu. Hola [36003] hafði verið fyllt með viðarkolum [36012] og svo fyllt með blöndu torfs og fokmoldar [36027].

Einnig undir móöskulaginu var fokmoldarlag [36303] sem lá yfir stærstum hluta framlengingarinnar. Undir því var torfhrunslag [35928] sem lá ofan á grænleitu mannvistarlagi [36394] sem var sama lag og hola fyllt viðarkolum [36003] hefur verið grafin niður í. Undir því var enn annað lag torfhruns [37015]



Mynd 5. Fyrir miðri mynd er hvít gjóska ofan á dökku torfhruni [37760], vinstramegin á myndinni. Hægramegin á myndinni má sjá torflag [37621].

við norðurbrún svæðisins. Undir því kom síðan fram annað lag torfhruns [37259] en þau virðast bæði eiga uppruna sinn úr torfvegg [35563] sem var í norðausturhorni svæðisins. Þessi veggur var ekki grafinn upp að öllu leyti þetta sumarið (sjá einnig kafla 5.18 *Torfveggur [34658] og [35563]*). Undir torfhrunslaginu [37015] var móöskulag [36953] meðfram norðursniði svæðisins sem lá ofan á torflagi [37621]. Ekki reyndist tími til að rannsaka þetta torflag eða skera úr um gerð þess, hvort um hrun er að ræða eða hleðslu. Þó virðist sem það hafi verið grafið niður fyrir þessu torflagi svo það liggur neðar en lag hvítrar gjósku [37435] en slíka gjósku var að finna blandaða torfinu.

Seinasta lagið sem kom í ljós undir torfhruni [37015] var fremur lítið og þunnt lag hvítrar gjósku sem greint hefur verið með örgreini sem annaðhvort H-1104 eða H3 gjóska [37435]. Þessi gjóska lá ofan á torfhruni [37760] úr torfvegg [31980] (sjá kafla 5.14 *Mannvirki I*).

Á austurhluta framlengingar svæðis E kom raflagnaskurðurinn fljótt í ljós þar sem hann skar í gegnum vegg 19. aldar kirkjugarðsins sem sást beggja megin við hann (sjá nánar í kafla 5.19. *Veggur kirkjugarðs*). Yfir stærstum hluta framlengingarinnar lá torfhrunslag [32760], líklega frá því að svæðið var sléttað. Undir því, í suðausturhorninu, kom í ljós gröf [32545]. Milli grafarinnar og vegg 19. aldar kirkjugarðsins var komið niður á móöskulag [31292] sem áður hafði fundist sumarið 2023 og undir því tvö torfhrunslög [34152] og [35332] úr vegg kirkjugarðsins. Þegar torfhrunslögin voru fjarlægð kom í ljós að veggur 19. aldar kirkjugarðsins [26047] hafði verið breikkaður á einhverjum tímapunkti en þessari breikkun hefur ekki verið haldið við þegar gert hefur verið við vegginn. Þessi viðbót var skráð sem sérstakt lag [34750]

og sást aðeins á ytra horni veggins. Undir torfhrunslögunum tveimur var komið niður á framhald niðurgrafter [31268] sem fannst sumarið 2023 og var fylltur með blöndu móösku- og torflaga. Í fyllingu þessa niðurgrafter var annar, minni niðurgröftur sem mjög líklega er gröf [33003] (sjá kafla 5.11. *Grafir á svæði E*). Fyllingin lá ofan á grænleitu, lífrænu lagi [31373] sem einnig hafði fundist sumarið 2023. Það lag var ekki grafið upp að fullnustu en var grafið upp milli torfhleðslu [28832] og veggjar 19. aldar kirkjugarðsins [26047] þar sem komu í ljós lag blandaðrar fokmoldar og torfs [34267], sem ekki var grafið upp, og torfveggur [31980].

Austast á svæðinu, upp við sniðið, kom í ljós afmarkað lag [33945], sem liggur að stærstum hluta austan svæðisins. Þetta lag virðist skera vegg 19. aldar kirkjugarðsins [26047] og er mögulega gröf en það lítill hluti þess er innan svæðis E að ekki er hægt að segja til um gerð og samhengi þessa lags með vissu.

Norðan við raflagnaskurðinn á austur framlengingunni, undir torfhruni [32760], kom í ljós niðurgröftur sem, líkt og lag [33945] er aðeins að litlum hluta innan svæðis E en er líklega gröf. Þessi gröf skar í gegnum lag blandaðrar malar og fokmoldar [35715] sem lá yfir þessum hluta svæðisins. Undir malarlaginu [32760] var lag torfhruns [36190] sem lá ofan á mannvistarlagi [37083] og torfvegg [34690]. Mannvistarlagið var skorið af raflagnaskurðinum og var aðeins lítill hluti þess eftir svo ekki er augljóst hverskonar lag þetta var en það lá upp að tveimur steinum við torfvegg [34690]. Er því mögulegt að þetta lag sé einhverskonar fylling í veggnum. Torfveggur [34690] var framhald veggjar 19. aldar kirkjugarðsins [26047] norðan raflagnarskurðarins en fljótt var ljóst að ólíkt veggnum sunnan raflagnaskurðarins lá hann ofan á öðrum mannvistarlögum. Þegar veggurinn var fjarlægður kom í ljós lag sem við fyrstu sýn virtist vera enn eitt móöskulagið en reyndist vera gólflag [37365] (sjá nánar kafla 5.14. *Mannvirki 1*). Undir gólflaginu var eldri torfveggur [38443]. Hann var ekki grafinn upp en virðist liggja ofan á blönduðu torflagi [38489] og grænleitu lagi [38289] milli veggins og austursniðs svæðisins.

Sumarið 2023 voru skráð tvö lög blandaðs torfs [30382] og [29864] en þau voru greinilega eitt lag sem skorið hafði verið af raflagnaskurðinum. Þetta sumarið var haldið áfram að grafa þessi lög og þau endurskráð sem [34825] þegar komið var undir raflagnaskurðinn. Þegar það hafði verið grafið upp að fullnustu komu í ljós tvö axlarbein úr hvölum (2024-36-952 og -1061) sem lágu á finu hvít-gulleitu lagi [31580] (sjá viðauka 4. *Þingeyrar faunal report*). Hefur Scott John Riddel skorið úr um, með notkun örgreinis, að þetta lag sé gjóska úr forsögulegu gosi sem kallast H4. Innan torfveggs [31980] lá torfhruni [37320] en ekki var skorið úr um samband gjóskunnar [31580] og torfhrunsins. Blandaða torflagið [34825] lá einnig ofan á gólflagi [37365].

Í suðausturhorni svæðis E eins og það var áður en það var framlengt, upp við gröf [32454], voru leifar móöskulags [29453] sem hafði annars verið grafið upp sumarið 2023. Þegar þessar leifar voru grafnar upp kom í ljós að það fyllti niðurgröft [38521] en í honum fannst torflag [38552] sem liggur lengra til suðurs. Ekki var hægt að sker úr um gerð þessa torflags, hvort um torfhrun er að ræða eða efsta byrði hleðslu þar sem sá hluti sem sást á svæðinu var það lítill.

4.2. Svæði F

Við lok vettvagnsvinnu 2023 var vitað um þrjár grafin á vesturhluta svæðis F en austurhlutinn var að mestu hulinn blönduðu torflagi [31429]. Þar sem grafirnar komu mjög ofarlega í ljós er talið að þær séu frá því eftir lokun klaustursins og var tekin ákvörðun um að takmarka uppgröftinn sumarið 2024 við austari hluta svæðisins, þ.e. þann hluta sem hulinn var af blandaða torflaginu [31429]. Eftir




Mynd 6. Svæði F við lok uppgrافتar 2024, tekin með flygildi.

að grafir sem hafa verið aldursgreindar til miðalda, auk torfveggjar frá sama tíma, byrjuðu að koma í ljós var ákveðið að stækka svæði F um einn meter til austurs. Var svæði F því í heild um 6 x 5 metrar að stærð í lok sumarsins.

Þegar blandaða torflagið [31429] var hreinsað ofan af kom í ljós lína fins malarlags [31522], um 20 sentimetrar að breidd með stefnu norðaustur-suðvestur, um mitt svæðið. Norðurendi þessarar línu var við steina sem komið höfðu í ljós undir lok uppgrافتar 2023 en fleiri steinar komu þar í ljós í upphafi vinnu 2024. Suðurendinn hvarf við nútíma raflagnaskurð nærri suðursniði svæðisins. Þessi lína reyndist fremur þunn og hvarf án greinilegra marka. Þar undir komu í ljós tvö lög. Syðri hluti svæðisins var hulinn dekkra blönduðu torflagi [31534] og norður hlutinn lagi torfs blandað við fina möl [31567]. Torflagið sem blandað var við fina möl [31567], [34636] á stækkuðu svæði, lá um stærri steina við norðursnið svæðisins. Er hér líklega hrun úr eða horn af yngri bygginu á svæðinu (sjá kafla 5.12 *Bygging frá 17. / 18. öld*).

Undir þessum tveimur lögum komu þrjú lög í ljós. Í norðvesturhluta svæðisins kom í ljós niðurgröftur [32366] en fylling hans var grá möl með stærri steinum [32373]. Þessir steinar



Mynd 7. Teikning af svæði F við lok uppgrافتar 2024.

koma úr mögulegum vegg [31567] og virðist niðurskurðurinn vera gröf sem tekin var í gegnum hann. Á vesturhluta svæðisins, sunnan við niðurgröft [32366], kom í ljós lag torflag blandað móösku og mól [32095]. Austan við það kom í ljós stórt lag torfs og malar [32509], sem hlaut númerið [34631] á stækkuðu svæði. Svo virtist sem þessi tvö lög lægju saman frekar en að annað væri ofan á hinu en við nánari athugun kom í ljós að austara lagið [32509] var merki um niðurgröft þegar gröf 21 kom í ljós undir því (sjá kafla 5.1. *Gröf 21*). Á meðan gröf 21 var grafinn upp komu fleiri grafir í ljós sem allar voru undir henni og þessu lagi [32509]. Í lok sumars höfðu tíu grafir verið grafnar upp á svæði F, sem allar hafa verið aldursgreindar til miðalda byggt á gröf 21 (sjá kafla 5. *Lýsing mannvirkja*). Þessar grafir voru mjög þétt saman, þar sem gröf 21 var efst, þá grafir 22, 23 og 24 þar undir. Milli grafa 22 og 24 var þétt lag torfs [34198]. Þetta lag var aðeins um 30 sentimetrar að breidd og um 1,30 metrar að lengd en var þesslegt að líklega er um torfvegg að ræða sem hefur verið skorinn af gröfunum. Í veggnum

var gjóska frá Heklugosinu 1104 og svipar torfinu mjög til þess sem talið er tilheyra klausturkirkjunni (sjá kafla 5.13. *Klausturkirkja*).

Undir gröfum 22 og 23 voru grafir 26 og 27, en undir gröf 24 var gröf 25. Gröf 26 lá ofan á jökulruðning en grafir 28, 29 og 30 voru teknar í gegnum jökulruðninginn. Gröf 30 var dýpst, um hálfum metra undir jökulruðningum sem gröf 26 lá á, og var jarðvegur undir henni mjúkur og blautur en ekki vannst tími til að kanna dýpra þar.


Í norðaustur horni svæðisins, undir lagi torfs og malar [32509] kom í ljós hrun [34541] úr torfvegg [34532] (sjá kafla 5.13. *Klausturkirkja*). Í veggnum sást hringlaga niðurgröftur [34554] sem fylltur var með möl [34554]. Eftir að svæðið var stækkað til austurs kom í ljós holrými í norðausturhorninu yfir malarlagi [35245] sem reyndist fylling í niðurgrefti [35471]. Þessi niðurskurður er gröf sem tekin var í gegnum vegginn að hluta. Þessi gröf var ekki grafin upp. Vestan við torfvegginn [34532], undir torfhruninu [34541] kom í ljós malarlag [35260] sem ekki var grafið upp en líklegast er fylling í gröf.

5. Lýsing mannvirkja

Sumarið 2024 voru grafnar upp einar tíu grafir, en einnig bæði torfveggir og þröskuldur. Joe W. Walser III við Þjóðminjasafnið hefur greint líkamsleifar sem grafnar voru upp og má finna greiningar hans í *Viðauka 1. Bioarchaeological analyses – 2024* en einnig er fjallað um þær í lýsingum hér að neðan. Verður hér sagt stuttlega frá þeim mannvirkjum sem grafin voru fram.

5.1. Gröf 21

Gröf 21 var fyrsta gröfin sem grafin var upp sumarið 2024. Samkvæmt greiningum Joe Walser er um konu að ræða sem var sirka 150 cm að hæð og var eldri en þrítugt þegar hún lést. Hún var ekki grafinn í kistu og út frá stellingu beinagrindarinnar hefur hún líklega verið vafinn í líkklæði með hendur þétt um búkinn og fætur þétt saman. Um hálsinn hefur konan haft lítinn grip, pax spjald með útskorinni mynd af Maríu mey og Jesúbarninu (2024-36-817, sjá kafla 6.1. *Bein*). Þegar í ljós kom að konan var ekki í kistu var strax talið að um mögulega miðaldagröf væri að ræða og eftir fund pax spjaldsins var það staðfest. Var þessi



Mynd 8. Teikning af líkamsleifum í gröf 21. Teiknari: Daníel Freyr Ívarsson.

tímasetning svo frekar staðfest með kolefnisaldursgreiningu en konan hefur látist milli árána 1413 og 1479 (sjá viðauka 2. C14 greiningar).


Því miður voru líkamsleifar í gröf 21 fremur illa farnar en þó var hægt að varðveita meirihluta beina konunnar (mynd 8) en merki eru um að munnheilsa hennar hafi verið slæm. Konan hefur tapað einhverjum tönnum í lifanda lífi og merki eru um tannstein og sjúkdóm í gómi. Við hægri öxl hennar var höfuðkúpa sem tilheyrði henni ekki, heldur virðist tilheyra einstaklingnum í gröf 22. Þegar gröf 21 var grafin upp komu einnig í ljós aðrar líkamsleifar undir og upp við gröfina. Norðan grafar 21 kom í ljós önnur höfuðkúpa, úr gröf 23, og undir henni upphandleggir sem tilheyrðu gröf 26.



Mynd 9. Teikning af líkamsleifum í gröf 22. Teiknari: Daníel Freyr Ívarsson.

5.2. Gröf 22

Gröf 22 var sunnar og örlítið austar en gröf 21, á milli hennar og grafar 24. Eins og kom fram í lýsingu á gröf 21 var höfuðkúpu einstaklingsins í gröf 22 að finna þar en hún hefur verið grafið upp þegar gröf 21 var tekin (sjá mynd 8). Þegar höfuðkúpan var endurgrafin í gröf 21 virðist sem að steinar hafi verið lagðir kringum og ofan á hana. Eins var viðarkolamoli þétt upp við hana. Þar að auki hefur önnur gröf skorið gröf 22 þar sem fótleggir einstaklingsins voru horfnir fyrir neðan hné (mynd 9). Líklega vegna þessa rasks var ástand líkamsleifa einstaklingsins slæmt en tókst þó að varðveita um þriðjung þeirra. Út frá greiningum þeirra er líklega um konu að ræða sem hefur verið um 162 cm að hæð og hefur verið á bilinu 17 til 25 ára þegar hún lést.



Mynd 10. Teikning af líkamsleifum í gröf 23. Teiknari: Daníel Freyr Ívarsson.

5.3. Gröf 23

Þegar gröf 21 var grafin upp kom fram höfuðkúpa í norðursniði grafarinnar sem reyndist vera höfuð einstaklingsins í gröf 23. Líklega er um karlmann að ræða sem hefur látist á aldrinum 17 til 25 ára en líkamsleifar hans voru frekar illa farnar og hafði



Mynd 11. Teikning af líkamsleifum í gröf 24. Teiknari: Daníel Freyr Ívarsson.



Mynd 12. Teikning af líkamsleifum í gröf 25. Teiknari: Daníel Freyr Ívarsson.

gröfinni verið raskað svo að fótleggir neðan við hné voru horfnir (mynd 10). Þó var hægt að varðveita meirihluta beinanna. Tannsteinn var nokkur á tönnum hans, líkt og fleiri dæmi eru um frá Þingeyrum.

5.4. Gröf 24

Gröf 24 var sunnan við gröf 22, handan torfveggjar [34198]. Líkamsleifar einstaklingsins í gröf 24 voru mjög illa farnar svo ekki var hægt að varðveita nema örlítið af þeim. Áður en hreyft var við þeim var þó hægt að greina að einstaklingurinn hafði misst tennur og var efra kjálkabeinið nokkuð eytt vegna þess. Einnig var ljóst að gröfinni hafði verið nokkuð raskað en fótleggir voru horfnir og flest bein ofan við mjöðm voru úr lagi (mynd 11). Var þó hægt að sjá að einstaklingurinn hefur verið á aldrinum 17 til 25 ára þegar hann lést.

5.5. Gröf 25

Líkamsleifar einstaklingsins í gröf 25 komu fyrst í ljós þegar gröf 24 var grafinn upp en einstaklingurinn í henni hefur verið lagður með efri hluta líkamans ofan á sköflunga einstaklingsins úr gröf 25. Þegar gröf 24 var tekin hefur fótleggjum einstaklingsins í gröf 25 verið raskað (mynd 12). Líkamsleifarnar voru nokkuð illa farnar og ekki tókst að varðveita þær allar en einstaklingurinn virðist hafa látist á aldrinum 36 til 45 ára og verið um 176 cm að hæð. Merki er um að hann hafi brotið bein í hægri hendi sem hafði gróið áður en hann lést. Merkilegra er þó að tannheilsa hans bendir til að einstaklingurinn hafi mögulega notað tennur við einhverskonar vinnu en nokkuð slit er á þeim, þó slitið geti einnig bent til sjúkdóma.

5.6. Gröf 26

Gröf 26 kom í ljós undir og milli grafa 22 og 23. Líkamsleifar í henni voru afar illa farnar svo ekki var hægt að varðveita nema mjög lítið af beinum en þó var hægt að greina að um konu er að ræða sem hefur verið eldri en þrítug þegar hún lést. Höfuðkúpan var brotin, öll bein neðan mjaðma voru horfin með öllu, sem og rifbein hennar (mynd 13). Konan í gröf 26 hefur verið lögð beint á jökulruðninginn með hendur yfir mitti en í lifanda lífi hefur hún þjást af gigt og taugakvillum.



Mynd 13. Teikning af líkamsleifum í gröf 26. Teiknari: Daníel Freyr Ívarsson.

5.7. Gröf 27

Gröf 27 var norðan grafa 26, þétt upp við torfvegg klausturkirkjunnar [34532]. Virðist sem gröfin hafi virt vegginn og ekki skorið hann en torf veggisins hefur einnig sigið yfir gröfina að hluta. Bendir þetta til þess að kirkjan hefur staðið uppi þegar þessi gröf var tekin. Einstaklingurinn hefur verið lagður hálfvegis á hliðina í gröfina með hendur yfir bringu (mynd 14). Líkamsleifar hans voru illa farnar og aðeins tókst að varðveita örfá bein sem sýna þó fram á að einstaklingurinn hefur verið táningur, 16 til 17 ára, þegar hann lést og átt við einhverja fæðingagalla að stríða.



Mynd 14. Teikning af líkamsleifum í gröf 27. Teiknari: Daníel Freyr Ívarsson.


5.8. Gröf 28

Gröf 28 var beint undir gröf 27 og var grafin ofan í jökulruðninginn um sirka 20 sentimetra en þau bein sem voru beint á jökulruðningnum voru best varðveitt. Þessi gröf var ein af fáum óröskuðum gröfum sem grafnar voru upp þetta sumarið. Sitthvoru megin við höfuðkúpu einstaklingsins voru tvö bein sem tilheyrðu honum ekki og virðast vera sköflungar (mynd 15). Ekki er víst hvaða einstakling þeir tilheyrja en bein neðan við mjöðm eða hné vantar í þónokkrar grafir sem grafnir voru upp þetta sumarið.

Einstaklingurinn í gröfnni hefur verið á bilinu 36 til 45 ára þegar hann lést en hann hefur látist milli 1122 og 1227 samkvæmt kolefnisaldursgreiningum (sjá *Viðauka 2. C14 greiningar*).

5.9. Gröf 29

Þegar hafist var handa við að grafa fram kistu sem sást í gröf 30 komu í ljós líkamsleifar ofan á kistunni. Var það einstaklingurinn í gröf 29 (mynd 16). Var hægt að varðveita nokkuð af beinum einstaklingsins sem reyndist karlmaður sem látist hefur á aldrinum 17 til 25 ára. Var hann um 168 cm að hæð og var með fæðingargalla þar sem hluti upphandlegsbeinsins ræðist myndaðist aldrei. Því miður voru bein hans öll fremur illa farin og var til dæmis ekki hægt að varðveita höfuðkúpu hans. Einnig vantaði öll bein fyrir neðan hné og í stað vinstra ræðs sem var lærleggsbein af hávaxnari einstakling. Sýni úr þessum karlmanni var sent í kolefnisaldursgreiningu og hefur hann látist á bilinu 1040 og 1214 (sjá *Viðauka 2. C14 greiningar*).



Mynd 15. Teikning af líkamsleifum í gröf 28. Teiknari: Daníel Freyr Ívarsson.

5.10. Gröf 30

Gröf 30 var eina kistugröfnn sem grafn var upp sumarið 2024. Kistan í gröfnni var gerð úr mjög þunnum við og var mjög mjó, aðeins rétt rúmír 30 sentimetrar og var hún kassalaga. Líkamsleifar einstaklingsins í kistunni voru mjög illa farnar, sérstaklega um miðbik hans þar sem kistan hafði fallið saman (mynd 17). Einnig var mikil bleyta í kistunni og undir henni sem er orsök slæmrar varðeislú. Er um karlmann að ræða sem hefur látist á aldrinum 36 til 45 ára og bendir slit á tönnum til þess að hann hafi mögulega nýtt þær við vinnu. Hann hefur einnig átt við gigt að stríða. Um fætur karlmannsins var leður, líklega leifar af skóm (sjá kafla 6.4. *Leður*). Ekki reyndist mögulegt að senda sýni úr karlmanninum í kolefnisaldursgreiningu en hann er væntanlega frá svipuðum tíma og gröf 29 sem lá beint ofan á kistunnu.



Mynd 16. Teikning af líkamsleifum í gröf 29. Teiknari: Daníel Freyr Ívarsson.

5.11. Grafir á svæði E

Sjö grafir komu fram þetta sumarið á svæði E. Engin þeirra var grafin upp og hafa þær því ekki fengið grafarnúmer. Fimm grafanna voru aðeins að hluta inni á svæði E og liggja þær allar það hátt að líklega er um grafir frá 19. eða 20. öld að ræða. Eru þetta grafir [32545], [33603], [33623], [36262], [38103].

Gröf [34349] hafði upprunalega komið í ljós sumarið 2022 en talið var að hún væri fylling í vegg 19. aldar kirkjugarðs. Þegar svæðið var stækkað þetta sumarið varð ljóst að um gröf var að ræða sem hefur skorið í gegnum vegginn. Er þetta því líklega gröf frá seinustu áratugum 19. aldar eða 20. öld.

Gröf [36280] kom í ljós þegar svæði E var stækkað og fylling í raflagnaskurðinum var fjarlægð en hann hefur skorið fyllingu grafarinnar að hluta. Gröfin virðist fremur ung, þó erfitt sé að segja til um það vegna röskunar frá raflagnaskurðinum. Gröfin er fremur stutt, aðeins um 1,40 m að lengd, og gæti því verið gröf barns.

Auk þessara sjö grafa kom í ljós niðurgroftur [33003] sem hefur verið grafinn í gegnum fyllingu niðurgrafter [31268]. Mjög líklega er um aðra gröf að ræða en hún, líkt og gröfin hér á undan, er fremur stutt, aðeins um 1,26 m að lengd, og snýr suðvestur-norðaustur en aðrar grafir liggja suðaustur-norðvestur. Einnig er hún nokkru vestar en aðrar grafir og liggur því fyrir utan hinn eiginlega kirkjugarð. Gæti hér einnig verið um gröf barns að ræða.




17. Teikning af líkamsleifum í gröf 30. Teiknari: Daniel Freyr Ívarsson.

5.12. Bygging frá 17. / 18. öld

Sumarið 2024 komu í ljós malarlína [31522], malarblandið lag [31567] og blönduð torflög [31534] og [34636] í norðaustur horni svæðis F. Þessi lög liggja undir hrúni 19. aldar byggingar sem kom í ljós 2023. Aðeins lítinn hluti þessarar byggingar er að finna innan svæðis F og eru þau lög sem er að finna innan svæðisins mikið röskuð af yngri



Mynd 18. Leifar byggingar frá 17. / 18. öld. Neðst til vinstri á myndinni má sjá línu steina sem fylgdi malarlínunni að steinhlöðnum vegg.



Mynd 19. Teikning af byggingu frá 17./18. öld. Athugið að steinarnir fylgja einnig vegglinu klausturkirkjunnar nokkurnvegin (sjá hér neðan).

gröfum sem gerir erfitt um vik að átta sig fyllilega á byggingunni. Það sem er að sjá er malarlína [31522] sem, líkt og kemur fram í kafla 4.1. *Svæði F*, liggur þvert yfir svæði F frá norðaustri til suðausturs. Þessi lína gæti hafa verið undirlag undir viðarþil. Þetta þil hefur þá legið að vegg, hlöðnum úr steinum og pakkaður með torfi og möl (mynd 16), en leifar hans er að sjá í torfblönduðum lögum [31567] og [34636].

Innan þessara tveggja veggja, veggþilsins og steinhlaðna veggisins, var malarblandað torflag [31534] en í því lagi fannst innsigli (2024-36-51 og -137, sjá

kafla 6.5. *Málmar*) og brot úr krítarpípu (sjá kafla 6.3. *Keramik*), sem bendir til að byggingin sé frá 17. eða 18. öld. Gæti því hér verið um að ræða leifar kirkju Lárusar Gottrups sem, líkt og kemur fram í kafla 1.1. *Ágrip af sögu Þingeyraklausturs*, var byggð um 1700 og rifin 1817, en er það enn óstaðfest.

5.13. Klausturkirkja

Undir byggingunni frá 17./18. öld (sjá hér að ofan), kom í ljós torfveggur [34532]. Þessi torfveggur var rauðleitur með hvítri gjósku og svipaði mjög til torfveggjar sem fannst á svæði C sumarið 2018 (Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2021, bls. 15). Eru þessi líkindi þannig að talið er að hér sé um vegg úr sömu byggingu að ræða. Í þessum vegg kom í ljós gróflega hringlaga niðurgröftur [34554] sem var mest um 33 sentimetrar að þvermáli og virðist hafa verið stoðarhola en ekki var að finna viðarleifar í henni. Mögulegt er að þetta sé hluti þeirrar framkirkju sem Guðmundur ábóti lét bæta við klausturkirkjuna árið 1314 sem varð til þess að kirkjan var endurvígð (Jón Espólín, 1821, bls. 36; Lögmanns-annáll, 1888, bls. 272). Hvort sem þetta er sú framkirkja eða ekki er líklegt að þessi hluti kirkjunnar hafi verið



Mynd 20. Torfveggur [34532].

rifinn, mögulega að skipun konungs eftir lokun klaustranna, og því hafi ekki fundist viður í stoðarholunni. Þó að það sé ekki víst er líklegt að torfveggur [34198] hafi einnig tilheyrt þessu mannvirki.

Aðeins lítið brot veggisins [34532] er að finna innan svæðisins en hann hefur, líkt og fram hefur komið í kafla 4.2. *Svæði F*, verið skorinn af yngri gröf [35245] (mynd 17). Er því líklegt að þó að svæði F yrði stækkað væri erfitt að fylgja veggjum kirkjunnar þar sem henni hefur verið mikið raskað af yngri gröfum. Að því rituðu þá virðist sem að hér sé um útvegg að ræða en grafir 27 og 28 virða þennan vegg. Það sýnir að hann er eldri en grafirnar. Þær eru grafnar þétt upp við hann en raska honum ekki og hefur hann sigið að hluta yfir gröf 27.

5.14. Mannvirki 1

Snemma á uppgraftartímabilinu 2024 kom í ljós torfveggur [31980] á svæði E sem var ólíkur þeim sem áður hafa fundist við uppgröft á Þingeyrum. Þessi veggur kom í ljós milli og undir vegg 19. aldar kirkjugarðsins og torfhleðslu [28832] (sjá nánar um þessi mannvirki hér að neðan) og var torfið í veggnum [31980] dekkra og ekki eins litríkt, ólíkt yngri torfbyggingunum. Einnig varð strax ljóst að hvítu gjóskauna var ekki að finna í þessum vegg en hana var að finna í öllu torfi sem hefur verið grafið fram á Þingeyrum til þessa. Voru því



Mynd 21. Yfirlitsmynd yfir svæði E þar sem dökkir veggir mannvirkis 1 eru sjáanlegir umlykja niðurgröft fyrir miðju svæðinu.

strax uppi hugmyndir að hér væri veggur sem væri gamall, mögulega eldri en 1104. Þegar lag sem samanstóð af hvítri gjósku [37435] fannst ofan á lagi hruns úr veggnum [37760] var í fyrstu talið að hér væri um gjósku úr Heklugosinu 1104 að ræða sem, fundin þar sem hún féll. Við greiningu á sýnum úr þessu lagi kom í ljós að mögulega er um hreyft lag að ræða sem gæti verið annaðhvort H-1104 eða úr forsögulegu gosi H3. Virðist þó að veggurinn sé í grunninn mjög gamall, annaðhvort frá því fyrir stofnun klaustursins eða frá fyrstu öld þess.

Ákveðið var að reyna að grafa torfvegginn [31980] fram sem þýddi að grafa þurfti upp hluta yngri veggjanna. Það var gert og reyndist mögulegt að fylgja torfveggnum á svæði E. Fundust þar tveir langveggir sem héldu áfram út fyrir svæði E til austurs og þverveggur sem markaði vestur enda mannvirkisins. Þessi þverveggur fylgir nokkurn vegin sömu línu og torfhleðsla [28832] og er því líklegt að hleðslan sé, að hluta, byggð á grunni þessa veggjar.

Þegar torfveggur [34690], sem er hluti veggis 19. aldar kirkjugarðsins, var fjarlægður kom í ljós að lag sem áður hafði sést og talið vera enn eitt móöskulagið var í raun gólflag [37365] líkt og kemur fram í kafla 4.1. *Svæði E*. Þetta gólflag var samsett úr þunnum, þéttum lögum mó- og viðarösku og undir torfveggnum [34690] fundust viðarleifar sem mynduðu þröskuld og grunn fyrir dyrakarm. Hafa þessar dyr leitt úr rými í vesturenda mannvirkisins inn

í annað rými sem var austar og að mestu fyrir utan svæði E. Þessi austasti hluti mannvirkisins virðist hafa verið skorinn af gröfum og mögulega raskað af öðrum athöfnum manna í gegnum aldirnar.

Ekki er víst hver tilgangur rýmisins í vestasta hluta mannvirkisins var og virðist því hafa verið breytt í tímanna rás. Hægt er að greina að minnsta kosti þrjá fasa í rýminu. Í yngsta fasanum hefur rýmið verið fyllt með blönduðu torflagi [34825]. Eftir uppgröft sumarið 2024 virðist sem að þetta torflag gæti verið




Mynd 22. Leifar þröskuldar og dyrakarms. Sjá má viðarleifar sem mynda þröskuld fyrir miðri mynd og aðrar sem mynda hluta dyrakarmsins hægra megin við þröskuldinn. Holur í skugga eru litlar stoðarholur.

leifar niðurrifs einhverrar seinni tíma torfbyggingar en torfið í laginu var litríkt og með linsur af hvítu gjósku. Þar sem efsti hluti þessa torflags lá mun hærra en leifar torfveggisins [31980] bendir það til að þetta hafi átt sér stað eftir að mannvirkið var yfirgefið.

Annar fasi rýmisins er óræðinn og er mögulegt að hann sé ekki eiginlegur fasi heldur hluti af yngsta fasanum. Þessi fasi sést í tveimur axlarbeinum úr hval sem mögulega hafa verið nýtt við einhverja vinnslu sem vinnustæði eða þá mögulega sem sæti (sjá viðauka 4. *Þingeyrar faunal report*). Beininn var að finna í þéttu, gulu lagi H4 gjósku. Ekki vannst tími til að grafa



Mynd 23. Delaney Lynn Dammeyer að grafa fram pinnaholur í mannvirki 1. Grillpinnum hefur verið stungið í pinnaholurnar til að merkja þær.



Mynd 24. Teikning af mannvirki 1.

niður úr þessu lagi en það var ekki lagskipt líkt og eiginleg gólfölg og engir gripir hafa fundist í tengslum við þetta lag eða þessi bein. Gæti því verið að beinunum hafi verið hent til að losna við þau og rýmið svo fyllt með torflaginu. Það sem mælir gegn því eru steinar sem var að finna milli beinanna og í óreglulegum röðum upp frá beinunum í átt að dyrunum. Talið er að þetta séu leifar trappa sem hafa leitt frá dyrunum niður í niðurgrafið rými þar sem hvalbeinin var að finna.

Þriðji fasinn er sá sem gólfagið, þröskuldurinn og dyrakarmurinn tilheyrir en þegar annar fasi rýmisins hefur verið útbúinn hefur gólfaginu að mestu verið mokað í burtu. Vegna þessa er ekki víst hvaða tilgang rýmið hefur haft í þessum fasa.

Innan torfveggs [31980] og meðfram honum fundust pinnaholur. Ekki er augljóst að þær tilheyri einhverjum þeirra þriggja fasa sem ræddir eru hér að ofan en líklegt er að þær dreifist að einhverju leyti milli fasa og gætu einnig tilheyrt fjórða fasanum, þá mögulega eldri

en þriðji fasinn. Bendir þetta einnig til þess að mannvirkið hafi einhverntíma verið klætt að innan.

Aldur þessara fasa er óviss en þar sem að torfveggur [38443] virðist vera undir gólflaginu er víst að fleiri fasa þessarar byggingar sé að finna neðar í jörðinni.

5.15. Kolahola [36003]

Niðurgröftur [36003] sem var gróflega sporöskjulaga hola um 0,45x0,22 m að þvermáli. Var hún grafin ofan í grænt mannvistarlag [36394] og fyllt með viðarkolum [36012] sem síðan hefur verið hulin með blöndu torfs og fokmoldar [36027]. Líklega er um eldstæði að ræða en stærð holunar bendir ekki til iðnaðarvinnslu, þó ekki sé hægt að útiloka slíkt.



Mynd 25. Kolahola [36003].

5.16. Kolahola [36044]

Niðurgröftur [36044] sem var gróflega hringlaga hola um 0,65 m að þvermáli. Var hún grafin ofan í torfvegg [31980] og fyllt með viðarkolum [36092]. Líkt og með kolaholu [36003] hér að ofan er líklega um eldstæði að ræða.



Mynd 26. Kolahola [36044].

5.17. Torfhleðsla [28832] og dren

Torfhleðsla var grafin fram sumarið 2023. Var hún í þremur pörtum [28832], [29157] og [29167] og tengt henni var dren [30853] og [30894] (Jakob Orri og Steinunn Kristjánsdóttir, 2023, bls. 16–18). Meira af þessari hleðslu fannst ekki sumarið 2024 en hluti hennar var grafinn burt til að fylgja eldri torfvegg [31980]



Mynd 27. Nærmynd af þverskurði torfhleðslu [28832] þar sem sjá má klömbu.

sem lá undir hleðslunni. Við það kom í ljós að hleðslan var hlaðin úr klömbru, að minnsta kosti að hluta. Hleðslan hefur líklega verið lagfærð og endurbyggð í tímans rás þó ekki hafi tekist að greina nákvæmlega byggingarfasa.

5.18. Veggur kirkjugarðs



Mynd 28. Veggur kirkjugarðs. Sá hluti hans sem er vinstramegin á myndinni og aðeins lægri en aðrir hlutar hans eru viðbætur, enn að hluta huldar torfhruni þegar myndin var tekin.

Líkt og kemur fram í áfangaskýrslu 2021 (Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022, bls. 15) var svæði E opnað svo að vestasta horn veggjar 19. aldar kirkjugarðsins [26047] sem fannst með jarðsjármælingum næði inn á svæðið. Eftir uppgrافتartímabilið 2022 var ljóst að veggurinn væri eldri að grunni en áður var talið og eftir uppgrافتartímabilið 2023 virðist hann upphaflega vera frá klausturtíma (Jakob Orri Jónsson, Svavar Nielsson og Steinunn Kristjánsdóttir, 2023, bls. 15; Jakob Orri Jónsson og Steinunn Kristjánsdóttir, 2024, bls. 18).

Þetta sumarið var veggurinn grafinn upp að hluta, þar sem hann lá á minjum úr húsi 1 (sjá hér að ofan). Við það varð greinilegt að bygging veggisins er nokkuð flókin sökum aldurs hans og var hægt að greina þrjá fasa byggingar. Fyrsti og elsti fasinn virðist hafa vera hlaðinn með klömbru og vera um 1,15 m að breidd en, líkt og kemur fram í lýsingu svæðis E, hefur verið bætt við hann á einhverjum tímapunkti. Þessi viðbót [34750] var gerð úr öllu ljósara og

gráleitara torfi en veggurinn og var um 0,50 m að breidd svo annar fasi veggsins hefur verið um 1,65 m að breidd. Þessa viðbót er aðeins að sjá á ytra horni veggsins og ekki á veggnum þar sem hann heldur áfram norðan raflagnaskurðsins. Þriðji fasinn er svo sá hluti sem sést hefur seinustu ár og er yngsti fasi veggsins.

Norðan við raflagnaskurðinn var torfveggur [34690] sem greinilega var framhald veggjarins [26047] en þar var aðeins hægt að greina einn fasa, sem líklega tilheyrir yngsta fasanum. Þessi hluti veggsins lá ofan á gólflagi [37365] í mannvirki 1.

5.19. Torfveggur [34658] og [35563]

Torfveggur [34658] var veggur við austursnið svæðis E, milli grafa [33623] og [33603]. Það sem sést af honum innan svæðis E er að mestu 2,7 x 1 m. Virðist sem að það sé horn á veggnum til suðurs, við gröf [33623]. Er því ekki fyllilega ljóst hvort eða hve mikið gröfin sker í vegginn. Hinsvegar er ljóst að gröf [33603] sker vegginn í tvennt og er torfveggur




Mynd 29. Torfveggur [34658] fyrir miðri mynd. Efst á myndinni má sjá í torfvegg [35563].

[35563] framhald hans til norðurs. Líkt og áður kemur fram eru allar þessar grafir frá síðari öldum. Torfveggur [35563] var mest um 2,44 x 0,56 m að stærð, mjög þunnur, aðeins um 0,2 m að þykkt, og hvarf inn í snið um 1,10 m frá norðausturhorni.

6. Fundir

Alls voru skráð 1.224 fundarnúmer á Þingeyrum sumarið 2024, en af þeim var 32 númerum eytt og 26 voru fyrir sýni. Af þeim 1.166 númerum sem eftir standa eru 454 númer fyrir bein, 382 fyrir málma, 159 fyrir keramik, 91 fyrir steina, 47 fyrir gler, 19 fyrir skeljar, fimm fyrir



Mynd 30. Skífurit yfir fundi sumarið 2024. Fjöldi fundarnúmera eftir efni.

textíla, þrjú fyrir leður, tvö fyrir við, tvö fyrir raf og eitt fyrir plast.

Það sem var sérstætt við fundarsafnið þetta sumarið var að tæplega helmingur allra funda, eða 561 fundarnúmer, kom úr þremur einingum. Voru þetta steinkolalög [31610], [31918], og [31943] og eru allir gripir úr þessum lögum tímasettir til síðari hluta 18. eða 19. aldar. Flestir aðrir gripir koma úr lögum neðan steinkolalaganna og eru því eldri.

6.1. Bein

Rúmur þriðjungur allra fundanúmera sem fundust sumarið 2024 voru bein. Af 454 fundanúmerum sem voru skráð voru 25 mannabein. Úr gröfum voru skráðar tíu beinagrindur en hver beinagrind fékk eitt fundarnúmer, fremur en hvert einstakt bein (sjá kafla 5. *Lýsing mannvirkja og viðauka 1. Bioarchaeological Analyses – 2024*). Önnur mannabein, 15 talsins, fundust laus í grafarfyllingum. Öll mannabein sem grafin voru upp 2024 komu af svæði F.

Þau 427 fundarnúmer sem eftir eru voru dýrabein (sjá viðauka 4. *Pingeyrar faunal report* fyrir frekari umfjöllun um beinin). Aðeins fimm þessara beina voru unnin. Í yfirborðslögum fannst það sem lítur út fyrir að vera peð úr kotru (2024-36-161). Í steinakolalögnum fannst útskorið bein sem virðist vera einhverskonar krækja eða krókur (2024-36-296) og útskorinn hnappur (2024-36-625). Í móöskulagi [34947] fannst lítill kambur (20204-36-951, mynd 31) með nöglum úr kopar. Þau móöskulög sem grafin hafa verið upp á Þingeyrum til þessa virðast öll vera frá 16. öld eða eldri svo ekki er ólíklegt að þessi kambur tilheyri klausturtíma. Fjórði unni gripurinn er merkilegasti gripurinn sem fannst þetta sumarið á Þingeyrum. Er það útskorin rostungstönn, að öllum líkindum, sem skorin hefur verið í mynd Maríu meyjar sem heldur á staf og Jesúbarninu en hann heldur á hnetti (2024-36-817, sjá forsíðumynd). Eins og kemur fram í kafla 5.1. *Gröf 21* fannst þessi gripur í gröf 21 og virðist einstaklingurinn hafa haldið um hann. Er þetta paxspjald og tímasett til miðalda.

Tvö axlarbein úr hvölum (2024-36-952 og -1061) fundust í rými sem tímasett er til klausturtíma (sjá kafla 5.14. *Mannvirki 1*). Axlarbeinin virðast vera úr tveimur einstaklingum og voru mjög ógreinileg vinnslumerki á þeim. Gæti það bent til að axlarbeinin hafi verið nýtt sem vinnuborð að einhverju tagi. Önnur dýrabein eru óunnin en þó eru bein



Mynd 31. Kambur (2024-36-951) þegar hann fannst. Múrskeið sem skali.

með merki um vinnslu, til dæmis frá slátrun og til að komast að beinmerg. Flest þeirra beina sem ekki eru rædd hér eru eflaust matarúrgangur og er þar helst að telja sauðfé, með nokkuð af bæði nautgripum og svínum. Einnig var að finna bæði bein fugla og fiska en varðveislu skilyrði hafa verið þannig að lítið af slíkum beinum hafa fundist og verið hægt að safna. Eitt bein er mjög áhugavert en það er bein úr dýri af ætt hjartardýra (*cervidae*), mögulega hreindýr, sem kemur úr móðskulagi [34947]. Líkt og áður kemur fram er það lag frá klausturtíma eða stuttu þar eftir og er því líklegt að þetta bein hafi komið með innfluttum mat eða verið nýtt til verka sem skilja eftir lítil merki á beininu.

6.2. Gler

Fundarnúmer fyrir gler voru 47 en glerbrotum úr yfirborðslögum var safnað saman og voru því í heildina 402 glerbrot. Öll nema sex brotanna komu af svæði E og voru þau langflest rúðu- og flöskugler úr 18. og 19. aldar samhengi. Þrátt fyrir þetta voru þó nokkur áhugaverð glerbrot sem fundust þetta sumarið. Úr 18./19. aldar samhengi fannst hluti af fæti drykkjarglas (2024-36-764), og það sem virðist vera gler úr gleraugum (2024-36-592).



Mynd 32. Brot úr Römer glasi (2024-36-1188)

Glerbrotin af svæði F voru mjög illa farið brot sem hefur legið í eldi (2024-36-9), skýjað rúðuglerbrot sem gæti bent til að það hafi lent í eldi (2024-36-212), eitt lítið glerbrot sem var glært með rauðu máluðu mynstri (2024-36-129), líklega úr skrautvasa eða skreyttu glasi, tvö brot úr flöskuhálsi (2024-36-883), og lítið glerbrot sem virðist hafa lent í eldi en er skreytt á hátt sem bendir til að mögulega er um brot úr svokölluðu römerglas að ræða (2024-36-1188, mynd 32) en slík glös voru algeng frá 15. öld til loka 17. aldar.

6.3. Gull

Einn gripur úr gulli fannst þetta sumarið. Er það lítið kefli gullþráðar, um 1,5 cm að lengd (2024-36-818, mynd 33). Eftir leit á *Sarpi: Menningarsögulegu safni* (sarpur.is) að dæma er þetta eina dæmið um jarðfundinn gullþráð á Íslandi og



Mynd 33. Gullþráður (2024-36-818)

einn af örfáum jarðfundnum gullgripum. Gullþáðurinn fannst í samhengi sem bendir til að hann eigi uppruna sinn á klausturtíma.

6.4. Keramik

Fundarnúmer fyrir keramik voru 159. Líkt og með glerið var leirkerabrotum úr yfirborðslögum safnað saman og oft fundust nokkur brot saman. Er því um 927 keramikbrot að ræða. Mikill meirihluti þessara brota, eða 147 fundarnúmer með 904 brot, fundust á svæði E. Restin, tólf fundarnúmer og 23 brot fundust á svæði F. Öll brotin fundust í tengslum við ung lög og þau brot sem hægt er að greina eru fremur ung, flest frá því eftir 1750 og mörg frá því eftir 1850.

Á svæði F fundust þrjú krítarpípabrot, allt lítil leggjarbrot sem ekki nýtast í gerðfræðilegar greiningar og eru engin nýtingar- eða breytingarmörk á þeim. Leirkerabrotin voru því 20 af svæði F, á tíu númerum. Sex brotanna eru steinleir (2024-36-187) og (2024-36-284), líklega af Frechen gerð sem var algeng frá upphafi 16. aldar til þeirrar 18. Restin, 14 brot, eru öll blýglerjaður rauðleir sem flest bera með sér einhvern eldskaða. Er gerð þeirra þannig að líklegast er um að minnsta kosti eitt þrífóta eldunarílát að ræða. Þrjú þessara rauðleirbrota eru þó annarskonar (2024-36-90) og (2024-36-91). Þau eru öll illa farin og gróflega ferhyrnd með aðra hliðina gljáða og hina grófa og óunna. Bendir þetta til að mögulega sé um flísar af kakelofni að ræða frekar en leirker.

Á svæði E fundust átta brot úr krítarpípum en þar af voru þrír kóngar (2024-36-68, -178 og -273). Tveir þeirra eru úr postulíni en ekki kaolín leir. Postulínspípur voru aðallega ætlaðar til skrauts og þóttu ekki sérlega góðar reykingapípur. Þær voru vinsælastar á 19. öld. Restin af brotunum eru allt leggir. Engin gerðfræðileg einkenni eru á brotunum.

Einn keramik fundur af svæði E er fremur óræðinn að gerð en er líklega kljásteyn. Er það lítil leirkúla með gati sem fer ekki í gegnum miðju kúlunnar og hefur hangið af þráð eða snæri (2024-36-844, mynd 34).

Önnur brot af svæði E eru ýmiskonar leirker, mest úr iðnaðarleir og hafa mörg brotin

skreyti sem bendir til framleiðslu á 19. öld. Mikill meirihluti þessara funda á uppruna sinn í yfirborðslögum og steinkolalögunum, eða 884 brot. Auk iðnaðarleirs var að finna tin-glerjaðan leir, steinleir og blýglerjaðan rauðleir. Brotin virðast að mestu koma úr borðbúnaði, diskum, skálum og bollum, en einnig eru þó nokkur brot úr krukkum og örfá úr eldunarpottum.



Mynd 34. Kljásteyn (2024-36-844)

6.5. Leður

Þrír leðurfundir voru skráðir sumarið 2024, allir af svæði F. Bútur úr leðri (2024-36-950, mynd 35) fannst í lagi malar og torfs [34631]. Ekki er víst um hlutverk þessa búta. Leðurfundirnir tveir (2024-36-1167 og -1168) sem eftir eru



Mynd 35. Leðurbútur (2024-36-950)

fundust við fætur einstaklingsins í gröf 30 (sjá kafla 5.10. *Gröf 30*). Eru þeir, líkt og fyrr, getur að öllum líkindum leifar af skóbúnaði en eru mjög illa farnir.

6.6. Málmar

Málmar voru stærsti einstaki fundarhópurinn á Þingeyrum 2024 með 382 fundarnúmer og 724 brot. Af þessum voru 309 fundarnúmer af svæði E, 72 af svæði F, og eitt fannst á svæði D. Fundirnir af svæði D voru lausafundur, þrír naglar. Málmgripir hafa aðeins verið greindir sjónrænt en reynsla seinustu ára sýna að þær eru fremar óáreiðanlegar, sérstaklega hvað varðar málmblöndur kopars, tins og blýs sem geta allar verið



Mynd 36. Spjald fyrir spjaldvefnað (2024-36-39)

hvítar á lit, þó koparblöndur taki oftast grænan lit þegar þær ryðga. Líkt og fyrri ár eru flestir málmgripirnir naglar, þynnur eða ógreinilegir málmfundir. Verður ekki fjallað sérstaklega um þessa gripir hér.

Af fundunum á svæði E voru 218 fundarnúmer og 519 brot úr yfirborðslögum og steinkolalögum. Fundust þar nokkrir hnappar, klæðisfestingar og skeifur, auk gaffals (2024-36-550) og skeiðar (2024-36-305). Einnig fundust tveir önglar (2024-36-441 og -507), ein fingurbjörg (2024-36-711), beltissylgja (2024-36-983) og brot úr málmíláti, mögulega djúpum disk eða þunnum potti (2024-36-1193) í þessum lögum. Einn merkasti málmfundurinn þetta

sumarið var koparspjald sem hefur verið notað í spjaldvefnað (2024-36-39, mynd 36) en það fannst í lagi hvíta gjóskulaginu [31580].

Af svæði F er helst að nefna klæðismerki sem er að öllum líkindum frá 17. öld. Þegar það fannst hafði það dottið í sundur og fannst í tvennu lagi.

Hlaut það því tvö fundarnúmer en passa þau saman og mynda sitthvora hlið klæðismerkisins. Á öðru þeirra (2024-36-51) er stimpluð sex arma stjarna og á hinu (2024-36-137) er skjöldur sem grafið hefur verið í bókstafurinn S eða slanga (mynd 37). Í kringum skjöldinn er skreyti.



Mynd 37. Klæðismerki (2024-36-51 og -137)

6.7. Plast

Einn gripur var skráður sem plast, lítil, hvít tala (2024-36-466) sem fannst í kolaöskulagi [31918].

6.8. Raf

Tveir gripir eru skráðir sem raf. Annar er heil perla (2024-36-92, mynd 38) sem fannst á svæði F í lögum sem tímasett eru eftir klausturtíma og hin er lítið brot (2024-36-539), líklega einnig úr perlu, sem fannst í torfhrunslagi [32760] sem líklega hefur orðið til þegar túnið var sléttað á 20. öld.



Mynd 38. Rafperla (2024-36-92)

6.9. Skel

Fundir skráðir sem skeljar töldu 19 fundarnúmer og 41 brot. Voru þetta mest brot af hörpuskel, en einnig hismi og einn kuðungur (2024-36-633). Milli grafa 22 og 24 á svæði F, í þétu lagi torfs [34198] fannst hismi af skel (2024-36-856). Aðrar skeljar fundust í yfirborðslögum og í steinkolalögum.

6.10. Steinar

Steinar voru í heildina 127 talsins á 91 fundarnúmeri. Meirihluti þessara steina eru óunnir steinar ýmiskonar, mest litlir, hvítir steinar. Af svæði E voru 75 fundarnúmer og 111 steinar og á svæði F voru 16 fundarnúmer með jafnmarga steina. Brýni



Mynd 39. Steinflaga (2024-36-937)

voru stærsti hluti unnu steinanna, eða 19 brot á 10 fundarnúmerum, öll af svæði E. Tvö hrafntinnu brot fundust (2024-36-841 og -1106). Tveir jaspisar fundust sem bera merki um steinsláttu, einn kjarni (2024-36-1184) og lítil flaga (2024-36-937, mynd 39). Á svæði F fundust tveir kvarnarsteinar (2024-36-833) og (2024-36-1012), og hluti af perlu úr kalsedón (2024-36-353). Allir þrír fundirnir eru úr lögum tímasett til 17. aldar.

6.11. Textíll

Textílar voru fimm talsins, tveir fundust á svæði E og þrír á svæði F. Eitt textílbrot fannst í gröf 22 (2024-36-949, mynd 40). Var í öllum tilvikum um lítil textílbrot að ræða.



Mynd 40. Textíll úr gröf 22 (2024-36-949)

6.12. Viður

Tveir fundir voru skráðir sem viður, en auk þeirra voru 15 viðarýni tekin. Viðargripirnir voru tveir viðarbútar með festingum úr koparblöndu. og lítill beinkambur (2024-36-951, mynd 41) með nöglum úr kopar sem fannst í móöskulagi [34947]. Þau móöskulög sem grafin hafa verið upp á Þingeyrum til þessa virðast öll vera frá 16. öld eða eldri svo ekki er ólíklegt að þessi kambur tilheyri klausturtíma.

7. Landslag, gróður og jarðgrunnur

Uppgriftarsvæðið er staðsett í ræktuðu túni skammt norðan við bæjarstæðið á Þingeyrum. Gamli kirkjugarðurinn sem var sléttaður uppúr 1923 er innan þessa túns. Uppgröftur hefur farið fram bæði innan gamla kirkjugarðsins en einnig utan við hann. Hæð svæðisins yfir sjávarmáli er að meðaltali um 23 metrar. Á Þingeyrum er mikil jarðvegsþykknun en sem dæmi má nefna

eru um tveir metrar að jafnaði frá yfirborði og niður fyrir minjar frá klausturtíma. Ekkert náttúrulegt grjót er þar í jarðvegi og mjög djúpt á grunnvatn. Jarðvegur er því fremur þurr.

8. Miðlun

Ljósmyndum og upplýsingum um uppgröftinn var deilt á Facebook síðu rannsóknarinnar *Fornleifarannsókn: Benediktínarklaustur á Íslandi / Benedictines in Iceland* og á Instagram síðu hennar, *benedictines_fornleifarannsokn*, á meðan uppgreftinum stóð og vinnu tengdum honum eftir að vettvangsvinnu lauk. Er þannig reynt að ná til breiðs hóps fólks, almennings jafnt sem fornleifafræðinga. Skýrsla þessi mun vera birt í opnum aðgangi á heimasíðu verkefnisins *Samspil manns og náttúru – Between Man and Nature* (bmn.hi.is).

9. Túlkun og framhald rannsókna

Niðurstöður uppgrافتar 2024 á Þingeyrum voru vægast sagt spennandi. Á svæði F komu í ljós tíu grafir sem allar eru frá klausturtíma. Sumar þeirra lágu upp við og virtu torfvegg sem er að öllum líkindum brot úr klausturkirkjunni. Hefur stærð kirkjunnar sem áætluð hafði verið út frá fjarkönnunum því verið staðfest með uppgrefti. Því miður virðist, sem var svo sem vitað frá uppgrefti fyrri ára, að aðrar leifar klausturkirkjunnar séu mjög skornar af yngri gröfum sem mun gera uppgröft flókinn. Einnig er ljóst að í það minnsta einhvern hlut kirkjugarðsins frá klausturtíma er enn að finna á Þingeyrum þrátt fyrir að áfram var greftrað í honum fram til 20. aldar. Eru óröskuðu minjarnar vestast á svæðinu norðan við núverandi bæjarstæði en hinar röskuðu austast.

Á svæði E var skorið úr um að torfhleðsla [28832] hefur myndað mörk klaustursins til vesturs. Mannvist vestan við þessa hleðslu virðist vera lítil sem engin en sjá má flyksur af móösku í lögum vestan hennar, ofan við hvít-gul lög sem líklegast er forsöguleg H4 gjóska sem tekin er að breytast í jarðveg. Að öllum líkindum bárust þessar móöskuflyksur með vindi. Einnig voru vestari mörk yngri kirkjugarðsins staðfest en strax og komið var austur af vegg kirkjugarðsins komu í ljós grafir. Undir torfhleðslunni [28832] var komið niður á eldri minjar sem reyndust vera úr elsta mannvirkinu sem sést skýrt á Þingeyrum (sjá kafla 5.14. *Mannvirki*). Er ljóst að þetta mannvirki hefur bæði verið nýtt lengi og að það var að grunninum mögulega eldra en Þingeyraklaustur sjálft þó aðeins frekari uppgröftur muni getað skorið úr um það. Heimildir fyrir ábúð á Þingeyrum fyrir tilkomu klaustursins eru litlar sem engar og er fundur þessa mannvirkis því áhugaverður.

Eftir þetta sumarið má einnig benda á einstaka áhugaverða gripi sem fundist hafa. Sumarið 2023 fannst þrjónn úr beini (2023-36-1032) í lagi tengdu raflagnaskurði sem grafinn var á 20. öld en eftir þetta sumarið er ljóst að þetta lag er H4 gjóska sem tekin er að grotna niður í jarðveg og var einnig að finna innan mannvirkis 1. Í þessu sama lagi fannst spjald fyrir spjaldvefnað þetta sumarið (2024-36-39). Bæði pax spjaldið (2024-36-817) og gullþráðurinn (2024-36-818) eru merkilegir gripir fyrir að vera mjög sjaldgæfir fundir í fornleifafræðilegu samhengi og benda þeir til nokkurs auðs, sem kemur svo sem ekki á óvart í elsta klaustri Íslands.

Enn er af nógu að taka hvað varðar fornleifafræði á Þingeyrum. Svæði F mætti stækka til norðurs og austurs og þannig grafa fram frekari minjar klausturkirkjunnar og grafreits hennar. Á svæði E mætti stækka svæðið til austurs til að elta mannvirki 1 og stækka það til suðurs eða norðausturs til að grafa fram önnur mannvirki sem komið hafa fram að hluta.

Heimildaskrá

- Bryndís Zoëga, Guðmundur St Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga. (2006). *Fornleifaskrá Þingeyra 2006*.
- Brynjúlfur Jónsson. (1895). Rannsókn sögustaða í vesturhluta Húnavatnssýslu sumarið 1894. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1895*, 1–21.
- Brynjúlfur Jónsson. (1907). Rannsókn í Norðurlandi sumarið 1905. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1906*, 3–27.
- Coolen, Joris og Mehler, Natascha. (2015). Surveying the assembly site and churches of Þingeyrar. *Archaeologia Islandica 11*, 11–32.
- DI: Íslenskt fornbréfasafn XI. (1915). Hið íslenska bókmenntafélag.
- Gottskálk Jensson. (2021). Þingeyrar Abbey in Northern Iceland : A Benedictine Powerhouse of Cultural Heritage. *Religions 12*, 423–438.
- Gottskálk Jensson. (2022). Heimildir um klausturkirkjuna og bókasafnið á Þingeyrum. *Gripla 33*.
- Gottskálk Jensson. (2023). The Constitutive Science of Benedictine Literacy : The Archive of Þingeyrar Abbey in Iceland. *Religions 14*:862. <https://doi.org/10.3390/rel14070862>.
- Gottskálk Jensson. (2024). Latnesk grafskrift sem fannst á Þingeyrum sumarið 2022. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2024*, 99–116.
- Gunnar Karlsson. (2008). Stofnár Þingeyraklausturs. *Saga XLVI*:1/2008, bls. 159–167.
- Guðrún Harðardóttir, Guðrún Jónsdóttir, Þór Magnússon og Gunnar Bollason. (2006). Þingeyrakirkja. Í Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson (ritstj.), *Kirkjur Íslands*, 8. b. (bls. 263–270). Þjóðminjasafn Íslands.
- Hermann Jakob Hjartarson, Steinunn Kristjánsdóttir og Joe W. Walser. (2017). *Kortlagning klaustra á Íslandi : Þingeyrar : Vettvangsskýrsla XXV*.
- Hulda Á. Stefánsdóttir. (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, Húsfreyju í Húnaþingi*. Örn og Örlýgur.
- Jakob Orri Jónsson. (2023). Þingeyrar after the Dissolution. *Religions 14*:778. <https://doi.org/10.3390/rel14060778>.
- Jakob Orri Jónsson og Steinunn Kristjánsdóttir. (2024). *Grafið í rústir Þingeyraklausturs : Áfangaskýrsla 2023*.
- Jakob Orri Jónsson, Svavar Nielsson og Steinunn Kristjánsdóttir. (2023). *Grafið í rústir Þingeyraklausturs : Áfangaskýrsla 2022*.
- Jón Espólin. (1821). *Íslands Árbækur í söguformi*. I. bindi. Kaupmannahöfn, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Margrét Valmundsdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir. (2014). *Klaustur á Íslandi : Skýrsla um jarðsjármælingar sumarið 2014*.
- Lögmanns-annáll. (1888). Í Gustav Storm (ritstj.), *Islandske Annaler indtil 1578*. Christiania, Norske historiske kildeskriftfond / Grøndahl & søns Bogtrykkeri.
- Ómar Valur Jónasson. (2019). *Munkar og mælingar : Rannsókn á Þingeyraklaustri í Húnaþingi*.

- Sigrún Hannesdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir. (2020). *Grafið í rústir Þingeyraklausturs : Áfangaskýrsla 2020*.
- Steinunn Kristjánsdóttir. (2017). *Leitin að klaustrunum : Klausturhald á Íslandi í fimm aldir*. Sögufélag.
- Steinunn Kristjánsdóttir. (2018). *Þingeyraverkefnið : Áfangaskýrsla 2018*.
- Steinunn Kristjánsdóttir. (2021). Lokun íslensku miðaldaklaustranna. *Ritröð Guðfræðistofnunar* 53, bls. 74–96.
- Steinunn Kristjánsdóttir. (2022). *Monastic Iceland*. Taylor and Francis Ltd. <https://doi.org/10.4324/9781003361077>.
- Steinunn Kristjánsdóttir og Snædis Sunna Thorlacius. (2022). *Grafið í rústir Þingeyraklausturs : Áfangaskýrsla 2021*.
- Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir. (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi : Þingeyrar – Trumbsvalir : Vettvangsskýrsla VII*.
- Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir. (2015). *Kortlagning klaustra á Íslandi : Þingeyrar : Vettvangsskýrsla VIII*.
- Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir. (2016). *Kortlagning klaustra á Íslandi : Þingeyrar : Vettvangsskýrsla XV*.
- Walser, Joe W. (2023). *Ancient DNA, isotope and osteological analyses 2023*. <https://bmn.hi.is/wp-content/uploads/2024/01/Osteological-analysis-2023.pdf>.

Jarðlagaskrá

Jarðlög á svæði E

Niðurgröftur og fyllingar

[32292] Raflagnaskurður

Raflagnaskurður á austurhluta framlengingar svæðis E. Botn hans var skráður sem [32343] og fylling hans sem [32318]. Sama og raflagnaskurður [32459] á norðurhluta framlengingarinnar og sá sem áður hefur sést á svæði E og svæði F. Liggur norðvestur-suðaustur.

[32318] Fylling raflagnaskurðar

Fylling raflagnaskurðar [32292]. Blandað lag torfs og móösku með malarlinsum.

[32459] raflagnaskurður, norður

Raflagnaskurður á norðurhluta framlengingar svæðis E. Fylling hans var skráð sem [32479]. Sama og raflagnaskurður [32292] á norðurhluta framlengingarinnar og sá sem áður hefur sést á svæði E og svæði F. Liggur norðvestur-suðaustur.

[32479] Fylling raflagnaskurðar

Fylling raflagnaskurðar [32459]

[33945] Fylling

Dökk brúnt fokmoldarlag með móösku og torfi blandað við. Virðist vera fylling grafar sem hefur skorið í gegnum vegg kirkjugarðs [26047] en er minna en 35cm innan svæðis E svo erfitt er að segja til um það.

[35377] Niðurgrefti

Endurmæling á niðurgrefti [31268] frá 2023. Niðurgröftur sem liggur gróflega norðvestur-suðaustur meðfram torfhleðslu [28832]. Fylltur með móösku [35401] og grænu mannvistarlagi [34357].

[34357] Grænt mannvistarlag

Fylling í niðurgrefti [35377]. Sama og grænt lag [31373] frá 2023. Grænt lag, mögulega bland torfs og fokmoldar. Í fyllingunni er þetta lag ekki eins skýrt og utan hennar. Mögulega fornt yfirborðslag.

[35401] Móöskufylling

Fylling í niðurgrefti [35377]. Sama og móöskulag [31292] frá 2023. Bleikt móöskulag, rakt og þétt. Í þessu lagi fannst gullþráður.

[36003] Kolahola

Sporöskjulaga niðurgröftur, um 45x20 cm að stærð með stefnu norðaustur-suðvestur. Fylltur með viðarkolalagi [36012] og móösku [36027].

[36012] Viðarkolalag, fylling

Lag viðarkola í kolaholu [36003]. Mjög þétt og rakt lag viðarkola. Hægt var að greina einstaka trjágreinar í kurlinu.

[36027] Móöskulag, fylling

Lag móösku í kolaholu [36027]. Lá ofan á viðarkolalagi [36012]. Bleikt lag móösku.

[36044] Kolahola

Hringlaga niðurgröftur, um 55 cm að þvermáli. Þessi niðurgröftur sker í vegg [31980]. Fylltur með móöskulagi [36070] og viðarkolalagi [36092].

[36070] Móöskulag, fylling

Fylling í kolaholu [36044]. Lá ofan á viðarkolalagi [36092]. Bleik móöaska með torfslettum með H-1104. Efst í laginu var óbrenndur viðarbútur um 20cm á lengd og fjórir á breidd. Mörk milli þessa lags og viðarkolalags [36092] voru mjúk.

[36092] Viðarkolalag, fylling

Fylling í kolaholu [36044]. Lá undir móöskulagi [36070]. Þétt lag viðarkola, kurl trjágreina. Í laginu var ljóst, smjörkennt efni, líklega bein.

[38037] Niðurgröftur

Niðurgröftur meðfram austursniði svæðis E. Virðist vera niðurgrafið rými í Mannvirki 1 en er aðeins að hluta innan svæðis E. Niðurgröfturinn er afmarkaður til vesturs af línu steina, mögulegri vegghleðslu. Fyllingin var ekki mæld inn sérstaklega og var ekki grafin upp en var dökkt, þétt, fremur feitt torf. Mögulega torfhrun blandað við gólflag.

[38521] Niðurgröftur

Niðurgröftur í suðausturhorni svæðis E eins og það var áður en það var stækkað. Gróflega þríhyrndur niðurgröftur, fylltur með móösku [29453] sem lá yfir svæðinu öllu. Þegar fyllingin hafði verið fjarlægð kom í ljós blandað torflag [38552] sem líklega er torfhrun úr vegg sunnan svæðis E.

Gólflög

[37365] Gólflag

Gólflag í mannvirki 1. Þetta lag var samsett af þunnum lögum bleikrar móösku og svartrar viðarösku. Austast í laginu voru leifar þröskuldar og dyrakarms, ásamt greinilegum stoðarholum en tunga gólflagsins lá milli þeirra. Röð steina var að finna við vesturbrún lagsins sem gefur til kynna að það hafi verið grafið burt að hluta og útbúin þrep niður í niðurgrafið

rými sem seinna hefur verið fyllt með torfi [34825]. Efsta birði gólflagsins var þurrt og stíft en varð mýkra og rakara neðar.

Grafir og grafarfyllingar

[32545] Gröf

Gröf í suðurhorni svæðis E. Fyllingin er [32565]. Gröfin liggur aðeins að hluta innan svæðis E, eða um 1,90 x 1,30 m með stefnu norðnorðaustur-suðsuðvestur, þvert á aðrar grafir. Vegna stærðar þessarar grafar er talið líklegt að hér sé um unga, steinsteypa gröf að ræða.

[32565] Grafarfylling

Fylling í gröf [32545]. Brún fokmold með torflinsum, möl meðfram niðurgreftinum.

[33003] Mögulega gröf

Lítill niðurgroftur, um 1,25 x 70 cm að stærð. Tekinn í gegnum móöskufyllingu [35401]. Holrými er í fyllingunni, sem er að mestu blanda móösku og fokmoldar. Líklegt er að þetta sé barnsgröf. Stefna hennar er nánast rétt austur-vestur.

[33603] Gröf

Fylling er [33613]. Gröf í austursniði svæðis E, nyrst grafanna. Um 1,30 m grafarinnar er innan svæðisins. Hún er um 0,90 m að breidd.

[33613] Grafarfylling

Fylling grafar [33603]. Fyllingin er blanda fokmoldar og torfs. Ekki grafið upp.

[33623] Gröf

Fyllingin er [33632]. Gröf í austursniði svæðis E. Um 1,50 m grafarinnar er innan svæðisins. Hún er um 0,70 m að breidd.

[33632] Fylling

Fylling grafar [33623]. Fyllingin er blanda fokmoldar og torfs. Ekki grafið upp.

[34349] Gröf

Gröf sem tekin hefur verið í gegnum vegg kirkjugarðsins [26047]. Fyllingin var ekki mæld inn en samanstóð að mestu af blönduðu torfi. Ekki grafið upp.

[36262] Gröf

Gröf í austursniði svæðis E. Um 0,50 m grafarinnar er innan svæðisins. Hún er um 0,60 m að breidd. Fyllingin var ekki mæld inn en samanstendur af torfi og fokmold. Ekki grafið upp.

[36280] Gröf

Gröf sem kom í ljós undir raflagnaskurði. Hún er aðeins um 1,50 m að lengd og 0,50 m að breidd. Fyllingin var ekki mæld sérstaklega en virðist að mestu vera fokmold. Ekki grafið upp.

[38103] Gröf

Möguleg gröf sem tekin hefur verið í gegnum fyllingu niðurgraftar [38037]. Aðeins um 0,30 m hennar eru innan svæðis E, en hún er um 0,90 m að breidd.

Malarlög

[35715] Malarlag

Gráleitt malarlag blandað fokmold og sandi með linsur af torfi. Niðurgroftur [38037] hefur verið tekinn í gegnum þetta lag.

[36766] Malarlag

Endurmæling malarlags [31346] frá 2023. Blandað lag malar og fokmoldar með móöskuslettum. Virðist liggja undir minjum á svæðinu, a.m.k. torfhleðslu [28832]. Tengsl þessa lags við önnur lög er óljóst. Ekki grafið upp.

Náttúruleg lög

[31514] Yfirborðslag

Yfirborðslag stækkaðs svæðis E.

[31580] Grotnuð H-1104 gjóska

Þetta gulhvítleita lag liggur þykkt innan mannvirkis 1. Svo virðist sem það hafi verið innan veggja mannvirkis 1 en það liggur að hluta yfir hrúni úr því. Í þessu lagi voru tvö axlabein úr hval. Virðist það hafa myndað gólf innan mannvirkis 1 á einhverjum fasa þess.

[33173] Fokmoldarlag

Sama og fokmoldarlag [34279] en hefur verið skorið af raflagnaskurði. Brúnt fokmoldarlag með slettum af móösku, viðarösku og rauðleitu torfi. Liggur undir 19. aldar steinkolalögum og virðist gefa til kynna af svæðið hafi verið ósnert af mannvist milli þess og móöskunnar undir sem virðist hafa orðið til á miðöldum. Í norðurhorni þessa lags er nokkuð um litla steina, mikið af þeim eldbrenndir.

[34279] Fokmoldarlag

Saman og fokmoldarlag [33173] en hefur verið skorið af raflagnaskuri, sjá lýsingu [33173].

[34510] Fokmoldarlag

Endurmæling norður horns fokmoldarlags [33173]. Sjá lýsingu þess.

[37435] H-1104 gjóska, in situ

Þetta skýrt afmarkaða lag var hvít gjóska úr Heklugosinu 1104. Það var aðeins um 2,80 x 1,00 m að stærð og lá nánast austur-vestur. Lá það ofan á torfhrúni [37760].

Torflög

[31980] Torfveggur eldri en 1104

Þessi torfveggur kom í ljós við hreinsum yfirborðs á svæði E, milli og undir torfhleðslu [28832] og vegg kirkjugarðsins [26047]. Veggurinn var dökkur með ljósari línunum. Ekki var nein H-1104 gjóska í honum, ólíkt öllum veggjum sem fundist hafa hingað til og kom seinna í ljós H-1104 gjóska [37435] sem lá ofan á torfhruni úr þessum vegg [37760]. Veggurinn var ekki grafinn upp, né var hann grafinn fram að öllu en virðist vera mjög þunnur, mögulega ekki meira en 5 til 10 cm að þykkt. Veggurinn er mest um 1,30 að breidd.

[32004] Torfhleðsla

Endurmæling á torfhleðslu [28832] frá 2023.

[32760] Torfhrun

Heavily mottled turf collapse layer, with silt, turf, tefra, charcoal, and peatash mixed. Some small landnámslag inclusions as well. Between 5 – 20cm thick, thicker towards west edge. Some charcoal and slag inclusions as well

[33143] Blandað torflag

Ljós bleikt lag móösku blandað við gult, appelsíngult og dökkt torf. Talið er að þetta gæti hafa verið sama og torflag [30382] frá 2023 en það reyndist mjög lítið. Liggur ofan á torfhruni [33579].

[33579] Torfhrun

Blandað lag torfs og folkmoldar með blettum of móösku. Torfið er appelsíngult, rautt, og svart, með H-1104 gjösku. Mögulega er þetta hrun úr þeim hluta mannvirkis 1 sem hefur verið nýtt á klausturtíma, eða leifar framhalds torfhleðslu [28832].

[33686] Blandað torflag

Sama og blandað torflag [33707] en hefur verið skorið af raflagnaskurðinum. Blandað torf og folkmoldarlag með flyksm af kolum, væntanlega frá yngra laginu.

[33707] Blandað torflag

Sama og blandað torflag [33686], sjá lýsingu þess.

[33979] Torfhrun

Endurmæling torfhruns [33579], sjá lýsingu þess.

[34152] Torfhrun

Hrun úr vegg kirkjugarðsins [26047]. Brún-appelsínugult torflag með slettum af dökku torfi og H-1104 gjösku.

[34230] Torfhrun

Torfhrun úr vegg kirkjugarðsins [34690]. Brún-appelsínugult torflag með slettum af dökku torfi og H-1104 gjósku. Mjög þétt. Smásteinar og viðarbútar fundust í hruninu.

[34337] Torfhrun

Brún-appelsínugult torfhrun með H-1104 gjósku. Þétt en óreglulegt og blandast eitthvað við móöskulögin í kring. Verður dekkra neðar. Mögulega hluti af hruni úr framhaldi torfhleðslu [28832] eða úr mannvirki 1.

[34504] Blandað torflag

Blandað lag torfs og móösku. Rauð-gulleit með H-1104 gjósku. Lagið liggur nokkurvegin milli veggjar mannvirkis 1 [31980] og brúnar svæðis E eins og það var áður en það var stækkað. Mögulega sama og torflag [34825] sem hefur blandast við móöskuna sem lá ofan á því.

[34602] Blandað torflag

Blandað lag torfs og fokmoldar sem liggur undir blönduðu torflagi [34504]. Þetta er sama og [34825].

[34658] Torfveggur

Torfhleðsla við austurbrún svæðis E. Brún-appelsínugult torf með H-1104. Milli þessa torfveggs og grafar [33623], sunnan veggisins, er um 5 cm bil sem gæti bent til að þetta sé horn veggjar sem liggur til norðurs og er skorið af gröf [33603] þar en heldur áfram sem [35563] handan grafarinnar. Sé þetta bil hinsvegar ekki raunverulegt er líklega um framhald vegg kirkjugarðsins [26047] og [34690] að ræða.

[34690] Torfveggur

Framhald veggis kirkjugarðsins [26047] handan raflagnaskurðar. Bjart, þétt, appelsínugult torf með H-1104 gjósku.

[34715] Torfveggur

Eldri fasi veggis kirkjugarðsins [26047] frá 2022. Þegar veggur kirkjugarðsins var hreinsaður var komið í gegnum efstu lög hans og kom í ljós að hann var aðeins einn fasi af mun eldri vegg. Er þessi torfveggur líklega elsti fasinn sem seinna hefur verið breikkaður með torfvegg [34750]. Við stækkun svæðis E varð greinilegt að hér var um horn kirkjugarðsins og veggurinn hefur legið frá því til norðausturs og suðvesturs. Gröf [34349] hefur verið tekin í gegnum vegginn og líklega hefur gröf [36280] einnig verið tekin í gegnum vegginn.

[34750] Torfveggur

Þegar veggur kirkjugarðsins [26047] var hreinsaður þetta sumar var komið í gegnum efstu lög hans og kom þá í ljós að einhverntíma hefur verið hlaðið utan á hann. Er þetta sú

viðbót en veggurinn sem hlaðið hefur verið utan á var endurmældur sem [34715]. Torfið í viðbótinni er mun mun dekkra en annars í veggnum og ekki eins litríkt.

[34825] Blandað torflag

Endurmæling á torflögum [29864] & [30382] frá 2023. Þegar komið var niður fyrir raflagnaskurð var þetta lag enn að sjá og var það því endurmælt undir einu númeri. Litríkt torflag, rautt, appelsínugult, dökkt og með hvítri H-1104 gjósku. Eitthvað af grjóti og viðarleifum var í laginu.

[35149] Torfhleðsla

Endurmæling á [28832] frá 2023 og sama og [32004]. Mæling á hleðslunni eftir að hún hafði verið grafin burt að hluta.

[35167] Torfveggur

Endurmæling á torfvegg [31980] eftir að hann kom betur í ljós. Sjá lýsingu hans.

[35332] Torfhrun

Torfhrun úr torfveggjum [34750] og [26047]. Dökkt torf með H-1104, blandað við litríkara torf.

[35563] Torfveggur

Framhald torfveggjar [34658], norðan við gröf [33603]. Þessi veggur var mjög þunnur, aðeins um 5 til 10 cm að þykkt. Mesta breidd hans inn á svæði E var 0,50 m en hann liggur að mestu utan svæðisins. Var því erfitt að sjá hvað er hinn raunverulegi veggur of hvað var torfhrun.

[35844] Torfhrun

Endurmæling torfhruns [34337]. Bein úr nautgrip fundust á mörkum þessa lags og móösku [34997] sem lá undir því.

[35928] Torfhrun

Brún-appelsínugul torfhrun með H-1104 gjósku í norðurhorni svæðis E. Nokkuð um litla steina í laginu, eitthvað af þeim eldbrenndir.

[36190] Torfhrun

Brún-appelsínugult torfhrun. Greina mátti torfklumpa í hruninu svo mögulega er um þakhrun að ræða. Niðurgroftur [38037] sker í gegnum þetta lag sem liggur undir malarlaginu [35715].

[36976] Torfhrun

Rauð-appelsínult og brúnt torfhrun úr veggjum [34690] og [34658].

[36996] Torfhrun

Óreglulegt torf upp við torfvegg [34690]. Hugsanlega sama og torfveggur [34750] en þetta er nokkuð blandaðra og óreglulegra. Fremur dökkt, appelsínugult að sjá og með skellur af H-1104, svörtum lit og brúnum. Mjög laust í sér. Virðist raskað af raflagnaskurði og mögulega eldri skurðum

[37015] Torfhrun

Torfhrun úr torfvegg [35563]. Brún-appelsínugult og rauðleitt með H-1104 gjósku.

[37204] Torfveggur

Endurmæling á torfvegg [34690] eftir að það kom í ljós að mannvistarlag [37083] lá ofan á veggnum ekki undir honum eins og talið var upprunalega.

[37259] Torfhrun

Torfhrun úr torfvegg [35563]. Ljósara en torfhrun [37015] sem liggur ofan á því.

[37320] Torfhrun

Torfhrun úr torfvegg [31980] sem liggur innan þess veggjar. Brúnt hrun sem er nánast alveg orðið að jarðveg.

[37621] Blandað torflag

Blandað torflag torfs og fokmoldar. Litríkt, appelsínugult, rautt, og dökkt. Líklega hrun úr torfvegg [35563].

[37647] Torfveggur

Endurmæling á torfvegg [35563] eftir að hann það sem líklega var torfhrun hafði verið grafið burt. Sjá lýsingu torfveggjar [35563].

[37760] Torfhrun

Torfhrun úr torfvegg [31980] sem liggur norðan þess veggjar. Dökkt og brúnt torf sem nánast alveg var orðið að jarðveg. Þetta torfhrun lá undir lagi H-1104 [37435].

[37865] Torfveggur

Endurmæling á torfvegg [31980], sjá lýsingu hans.

[38489] Blandað torflag

Dökkt torflag sem ekki er að sjá augljóst byggingarlag á. Gólflag [37365] lá upp að þessu lagi svo líklega er þetta hluti veggs sem stóð þegar gólfið var í notkun.

[38394] Torfhrun

Torfhrun úr torfvegg [31980] sem liggur innan þess veggjar til norðausturs. Dökkt og brúnt lag sem er að mestu orðið að jarðveg.

[38443] Torfveggur

Torfhleðsla undir gólflagi [37365] sem myndar líklega innvegg eldri fasa mannvirkis 1. Liggur á sama stað og torfveggur [34690] en torfið í þessum vegg er dekkra.

[38552] Blandað torflag

Blandað torflag, líklegt vegghrun í niðurgrefti [38521], undir móöskulagi [29453]. Þetta torflag var brún-appelsínugult að lit og var ekki grafið upp.

Öskulög

[31610] Steinkolalag

Blá-grátt lag steinkola. Virðist sama efni og fundarflóra og í steinkolalögum [31918] og [31943]. Líklega samtíða.

[31918] og [31943] Steinkolalög

Þessi tvö lög er sama lagið skorið af raflagnaskurði. Meðal blá-grátt lag steinkolaösku. Miðað við steinkolin og gripaflórana er um lag frá síð-19. öld að ræða.

[33076] Móöskulag

Sama og [29453] frá 2023. Bleikt móöskulag með linsum af viðarkolum, torfi og fokmold. Lagið er þykkt, mest um 0,50 m og liggur upp að vegg kirkjugarðsins [26047].

[33888] Viðaröskulag

Lag viðarkolaösku, blá-grátt að lit. Liggur ofan við kolaholu [36092] og tengist henni að öllum líkindum.

[34313] Blandað móöskulag

Blandað lag móösku og torfs. Bleik appelsínugult að lit með linsum viðarkola. Verður meira um torf í austurhluta lagsins.

[34357] Móöskulag

Blandað lag móösku og græns mannvistarlags í niðurgrefti [35377].

[34947] Móöskulag

Bleik móöskulag með appelsínugulum torflinsum og slettum af viðarkolum. Sama og móöskulag [26852] frá 2022 sem huldi stóran hluta svæðisins. Nokkuð um gripi var í þessu lagi.

[36953] Móöskulag

Sama og móöskulag [37295]. Appelsínugul-bleikt móöskulag meðfram norðursniði svæðis E. Nokkuð er um möl í vesturhluta svæðisins.

[37295] Móöskulag

Sama og móöskulag [36953]. Sjá lýsingu þess.

Önnur lög

[34100] Grænt mannvistarlag

Sama og grænt lag [31373] frá 2023. Blandað grænleitt mannvistarlag með linsum af torfi, móösku og viðarkolum. Gröf [33003] sker í gegnum þetta lag.

[34206] Steinahrúga

Óregluleg steinahrúga. Ekkert byggingarlag er að sjá á þeim. Eitthvað af steinunum eru brenndir og milli þeirra er linsur af torfi og viðarösku. Mögulega eru þetta soðsteinar eða þá undirstaða undir girðingastaur.

[34267] Hreyft lag

Hreyft lag fokmoldar og torfs ofan á móöskulagi [35401].

[34806] Mannvistarlag

Brúnt lag fokmoldar og bleikrar móösku.

[36303] Grænt mannvistarlag

Mjúk, græn-brúnt lag. Aðeins um 5 cm að þykkt, mest. Líklega sama og grænt mannvistarlag [31373] sunnan við mannvirki 1.

[36394] Mannvistarlag
